



**Lokaritgerð til MPA-gráðu í opinberri
stjórnsýslu**

Dagforeldrakerfi höfuðborgarsvæðisins

Verkefnamat

Pórdís Stella Erlingsdóttir

Júní 2021



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRN MÁLAFRÆÐI DEILD

Dagforeldrakerfi höfuðborgarsvæðisins

Verkefnamat

Þórdís Stella Erlingsdóttir

Lokaritgerð til MPA-gráðu í opinberri stjórnslu

Leiðbeinandi: Ómar Hlynur Kristmundsson

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2021

Dagforeldrakerfi höfuðborgarsvæðisins: Verkefnamat.

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MPA-gráðu í opinberri stjórnsýslu.

Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Þórdís Stella Erlingsdóttir, 2021

121291-2319

Reykjavík, Ísland, 2021

Útdráttur

Í ritgerð þessari er lýst mati á dagforeldrakerfi höfuðborgarsvæðisins. Ritgerðin er eigindlegt verkefnamat og er megingilgangur þess að varpa ljósi á kosti og galla dagforeldrakerfisins sem er við lýði í dag og setja fram ábendingar um úrbætur og nýja sýn á fyrirliggjandi kerfi. Vonast er til að ritgerðin geti orðið efniviður í áframhaldandi uppbyggingu dagforeldrakerfis sveitarfélaganna.

Verkefnamatið byggir annarsvegar á viðhorfum hagsmunaaðila, þ.e. foreldra ungra barna sem nýtt hafa sér þjónustu dagforeldra síðustu tvö ár, dagforeldra með að minnsta kosti tíu ára starfsreynslu og fulltrúa sveitarfélaganna sem fara með málaflökkinn. Hinsvegar byggir það á rýni í reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005, auk annarra laga, reglugerða, skýrslna og úttekta sem taka til málaflökksins.

Með verkefnamatinu er leitast eftir því við viðmælendur að þeir deili sinni reynslu af dagforeldrakerfinu, þjónustunni, skoðunum sínum og ábendingum um nógildandi kerfi. Reynt er að draga fram nýja sýn á dagforeldrakerfið og óskað eftir því við viðmælendur að þeir komi með hugmyndir að úrlausn þeirra þátta sem gagnrýnin beinist mest að og þeir spurðir hvort þeir hafi í huga einhverjar nýjungar sem þeir vilja sjá í kerfinu með úrbætur í huga.

Niðurstöður benda til þess að margt megi betur fara í dagforeldrakerfinu og styrkja þurfi stoðirnar. Reynsla foreldra og dagforeldra er misgóð en almenn ánægja virðist ríkja um dagforeldrakerfið. Ágætar tillögur til úrbóta á núverandi kerfi komu fram í rannsókninni og bar þar hæst hækkun á niðurgreiðslu til foreldra með mögulegu þaki á gjaldtöku dagforeldra og aukið eftirlit og umsjón með dagforeldrum. Auk þess má nefna nýjungar í umsóknarferlinu, gegnsærra biðlista- og umsóknarkerfi og upptöku námskrár fyrir dagforeldra.

Abstract

This master thesis is an assessment of the day-care system in the capital area of Iceland. The thesis is a qualitative evaluation, the main purpose is to look at the pros and cons of the day-care system that is currently used and to come up with ways to improve it, both for parents and day-care workers. The hope is that the thesis can be an input in the structure of the system.

The evaluation is based around interviews conducted with beneficiaries of the day-care system. Day-care workers with at least ten years of experience, parents of young children that used the system in the past two years and representatives from the local councils. Alongside the interviews legislation governing home run day-care centers, reports and independent audits were evaluated to get a holistic understanding of the system.

The interviews looked to extract the experience and knowledge of different beneficiaries of the system, their views and what they believe can be improved upon within the current system. During the interviews participants were asked how to improve specific parts of the system that they were critical of and to describe their thoughts on a possible novel approach to providing these services.

The results indicate that there are many factors within the system that need reform. The experience of parents and day-care workers regarding the system cuts both ways but in general the system appears well liked. Suggestions regarding reform such as increased subsidies to parents and a payment ceiling were among the most discussed. Other suggestions such as improved monitoring and supervision of day-care workers, new methods of applying for children, transparent waiting lists and applications and implementation of a specific curriculum for day-care workers were also discussed.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni í MPA námi í opinberri stjórnslu við Háskóla Íslands. Vægi ritgerðar er 30 ECTS einingar. Undirbúningur hófst sumarið 2020 þegar höfundur byrjaði að afla sér heimilda um efnið og lesa sér til um dagforeldrakerfið. Í námskeiðinu Rannsóknaráætlanir og rannsóknarsnið meistararitgerða haustið 2020 vann ég rannsóknaráætlun og byrjaði að taka viðtöl fyrir verkefnið sem síðar urðu grunnurinn að ritgerðinni. Ritgerðin er verkefnamat á dagforeldrakerfi höfuðborgarsvæðisins þar sem markmiðið er að taka út núgildandi kerfi, finna kosti þess og galla og finna úrbætur á því sem betur má fara með aðstoð foreldra, dagforeldra og stjórnenda sveitarfélaga.

Ég er móðir tveggja ungra stúlkna í Reykjavík og hef þurft að nýta mér dagforeldrakerfið til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Ég eignaðist mitt annað barn á fyrsta árinu mínu í meistaranáminu og reynsla mín af leitinni að dagforeldri haustið 2017 varð til þess að ég valdi mér þetta viðfangsefni og hóf skrif á þessari ritgerð. Upplifunin af dagforeldrastarfinu, litaðist af leitinni að dagforeldrinu í upphafi og þeim skorti á regluverki sem ég upplifði í kerfinu. Ég hafði ekki nýtt mér þjónustu dagforeldra með mitt fyrsta barn og hafði því enga reynslu af kerfinu. Eftir þessa upplifun mína er ósk mín sú að bæta kerfið og gera það skilvirkara og betra fyrir alla aðila og vonandi nýtist þetta verkefni til þess. Í framhaldi af þessari ákvörðun minni hafði ég samband við dr. Ómar H. Kristmundsson og fór þess á leit við hann að leiðbeina mér við vinnu lokaverkefnis míns.

Við gerð þessa verkefnis naut ég aðstoðar fjölda viðmælenda. Þeim vil ég öllum færa mínar bestu þakkir fyrir þann tíma sem þau gáfu mér. Þeirra hjálp var ómetanleg og hefði verkefnið ekki orðið til nema fyrir þeirra innsýn og aðstoð. Leiðbeinanda mínum, Ómari H. Kristmundssyni, færi ég einnig mínar bestu þakkir fyrir góða leiðsögn og gagnlegar ábendingar. Síðast en ekki síst fá eiginmaður minn, foreldrar mínir og dætur mínar tvær sérstakar þakkir fyrir þolinmæðina, hvatninguna og stuðninginn á meðan vinnu þessa verkefnis stóð.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
1 Inngangur	10
1.1 Tilgangur og markmið.....	12
1.2 Uppbygging ritgerðar.....	13
2 Umgjörð dagforeldrarstarfsins	14
2.1 Örsaga dagforeldrakerfisins.....	14
2.2 Fjöldi dagforeldra, þróun og núverandi staða	16
2.3 Reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum	22
2.3.1 Í hverju felst daggæsla?.....	23
2.3.2 Skipulag daggæslu	23
2.3.3 Skilyrði til að gerast dagforeldri	24
2.3.4 Umsjón og leyfisveiting.....	24
2.3.5 Eftirlit, öryggismál og leiðir til kvörtunar.....	25
3 Aðferðafræði	27
3.1 Verkefnamat.....	27
3.2 Rannsóknaraðferðir	28
3.3 Gagnasöfnun	29
3.4 Úrvinnsla gagna.....	30
3.5 Vandamál og takmarkanir.....	30
3.6 Siðferðisleg álitamál	31
4 Niðurstöður	33
4.1 Val á dagforeldri	33
4.1.1 Upplýsingar um starfsemi dagforeldra.....	33
4.1.2 Dreifing og fjöldi dagforeldra á höfuðborgarsvæðinu	35
4.1.3 Biðlistar	36
4.1.4 Aðstæður dagforeldra	39
4.1.5 Gjaldskrá dagforeldra	40
4.2 Þjónusta sveitarfélaga	41
4.2.1 Niðurgreiðsla.....	41
4.2.2 Samskipti sveitarfélaganna við foreldra og dagforeldra	43
4.2.3 Umsjón og eftirlit.....	46
4.2.4 Öryggismál	47
4.2.5 Kvartanir og upplýsingagjöf	49
4.3 Aðlögunar- og dvalartími	51
4.4 Samskipti milli foreldra og dagforeldra	53

4.5	Brúunarvandi.....	55
4.6	Framtíðarsýn sveitarfélaga á dagforeldrakerfið	56
4.7	Breytingar og umbætur á núverandi dagforeldrakerfi.....	58
4.8	Nýjungar og ný sýn á dagforeldrakerfinu	59
5	Umræða og ályktanir	61
5.1	Val á dagforeldri	61
5.2	Þjónusta sveitarfélaga	63
5.3	Aðlögunar- og dvalartími	65
5.4	Samskipti milli foreldra og dagforeldra	66
5.5	Brúunarvandi.....	67
5.6	Framtíðarsýn sveitarfélaga á dagforeldrakerfið	68
5.7	Breytingar og umbætur á núverandi dagforeldrakerfi.....	68
5.8	Nýjungar og ný sýn á dagforeldrakerfinu	69
Lokaorð		71
	Fylgiskjal 1.....	77
	Fylgiskjal 2.....	81
	Tímaáætlun höfundar.....	85

Töfluskrá

Tafla 1. Niðurgreiðsla sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu árið 2021	42
---	----

Myndaskrá

Mynd 1. Heildarfjöldi barna á aldrinum 0-2 ára á höfuðborgarsvæðinu á árunum 1998-2018 (Hagstofa Íslands, e.d).	17
Mynd 2. Þróun á fjölda dagforeldra miðað við starfsaldur á höfuðborgarsvæðinu árin 2001-2009 (Hagstofa Íslands, e.d b).	18
Mynd 3. Fjöldi barna í dagvistun á einkaheimilum eftir aldri á höfuðborgarsvæðinu á árunum 1998-2001 (Hagstofa Íslands, e.d c).	19
Mynd 4. Fjöldi barna á aldrinum 0-2 ára í leikskólum á höfuðborgarsvæðinu árin 1998-2019 (Hagstofa Íslands, e.d d).	20
Mynd 5. Fjöldi barna á aldrinum 0-2 ára utan leikskóla á höfuðborgarsvæðinu á árunum 1998-2018 (Hagstofa Íslands, e.d e).	21

1 Inngangur

Umboðsmaður barna lýsir veikleikum dagforeldrakerfisins á Íslandi í hnotskurn með eftirfarandi hætti árið 2017:

Málefni dagforeldra skjóta reglulega upp kollinum en stuðningur og eftirlit með starfsemi þeirra er misjafn eftir því hvar á landinu þeir eru. Foreldrar geta upplifað sig í afar þröngri stöðu ef þeir eru ósáttir við aðbúnað og gæði umönnunar hjá dagforeldri. Húsnæði er ekki alltaf í samræmi við þarfir ungbarna og öryggi þeirra og velferð ekki alltaf tryggt í samræmi við kröfur reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum. Þá er ekki alltaf fylgst með hvort dagforeldri hafi sótt námskeið sem þeim er skylt að ljúka samkvæmt reglugerð eða hvort það hafi náð að tileinka sér námsefnið. Umboðsmaður telur brýnt að endurskoða hvernig staðið er að umönnun barna eftir að fæðingarorlofi foreldra lýkur og fram að leikskólagöngu. (Umboðsmaður barna, 2017, bls. 25)

Höfundur þessa verkefnis er foreldri tveggja ungra barna í Reykjavík og kannast því miður við þessi orð umboðsmanns af eigin raun. Eigin reynsla höfundar af dagforeldrakerfinu er einmitt ástæða þess að farið var út í skrif á þessari ritgerð og dagforeldrakerfið tekið fyrir.

Dagforeldrakerfið gegnir mikilvægu hlutverki í okkar samfélagi. Íslendingar vinna langan vinnudag og atvinnuþátttaka er mikil þar sem í langflestum tilvikum báðir foreldrar eru útvinnandi. Auk fæðingarorlofs er því mikilvægt að dagforeldrakerfið ásamt öðrum daggæsluúrræðum sé skilvirkt og aðgengilegt öllum þeim foreldrum sem það vilja nýta. Dagforeldrakerfið er eitt af hryggjarstykkinum í samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs og þá helst vegna atvinnuþátttöku kvenna (Kolbeinn H. Stefánsson, 2008).

Dagvistunarmál eru samkvæmt Sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 í höndum sveitarstjórna hvers sveitarfélags fyrir sig. Sveitarfélögin á Íslandi eru nú 69 talsins og fara með ákvörðunarrétt í málefnum tengdu sínu landssvæði (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2020).

Fæðingar- og foreldraorlof eru hinsvegar í höndum ríkisins. Fæðingarorlofsgreiðslur eru áætlaðar og greiddar út af fæðingarorlofssjóði í samræmi við lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 144/2020. Fæðingarorlof er nú níu mánuðir, þrjú mánuðir deilast niður á hvort foreldri um sig auk þriggja mánaða sem foreldrar eiga sameiginlega og nýta eftir eigin hentisemi. Nýtt frumvarp var samþykkt á Alþingi árið 2020 þar sem lenging fæðingarorlofs

var samþykkt úr níu mánuðum í tólf mánuði. Sú breyting tekur gildi á nýju ári 2021. Sameiginlegi réttur foreldra mun detta út og hvort foreldri um sig á rétt á sex mánuðum. Einn mánuður af sjálfstæðum rétti foreldra mun samt sem áður verða framseljanlegur (Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 144/2020). Lengingu fæðingarorlofs er ætlað að brúa bilið enn frekar milli fæðingarorlofs og leikskólanna og eru ýmsir boltar á lofti hjá sveitarfélögum að fjölga leikskólaplássum, opna ungbarnadeildir innan leikskólanna og veita öllum börnum leikskólapláss strax að loknu fæðingarorlofi, það er um tólf mánaða aldur. Hluta af breytingunni á lögum um fæðingar- og foreldraorlof er ætlað að tryggja frekara samstarf milli ríkis og sveitarfélaga í fjölgun leikskólaplássna og frekari uppbyggingu til að veita börnum og foreldrum daggæsluúrræði við 12 mánaða aldur (Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, 2020; Reykjavík, 2020).

Eins og daggæslukerfið er uppbyggt nú, er öllum foreldrum frjálst að sækja um leikskólapláss um sex mánaða aldur. Börnin fá hinsvegar ekki pláss fyrr en um 18 mánaða aldur í fyrsta lagi, nema í undantekningartilfellum. Foreldrum er gert að leysa sjálfir úr „brúunarvandinum“ sem upp kemur þegar fæðingarorlofi lýkur og þar til leikskólapláss er fyrir hendi. Foreldrum gengur misvel að leysa úr þessum vanda þar sem daggæsluúrræðin eru ekki mörg og margir berjast um það sem í boði er (Tinna Björg Sigurðardóttir, 2011, bls. 6-9).

Dagforeldrar sem og foreldrar velta því eflaust fyrir sér hvort dagforeldrakerfið sé á undanhaldi þegar kemur til þessara breytinga á fæðingarorlofi og áforma sveitarfélaganna um fjölgun leikskólaplássna fyrir þennan aldurshóp. Orð viðmælenda minna sem og rannsóknarniðurstöður mínar benda hinsvegar til þess að enn sé þörf á dagforeldrakerfinu, að minnsta kosti enn sem komið er og er því mikilvægt að hlúa að því sem fyrir er, gera kerfið betra, öruggara og skilvirka fyrir foreldrana og ekki síst börnin. Börnin eru það mikilvægasta sem við foreldrar, fjölskyldur og samfélagið eigum. Það er samfélagsleg ábyrgð okkar að veita börnum menntun og uppeldi til þess að barn geti notið æskuáranna og þroskast á sem bestan hátt. Til þess verðum við sem samfélag að mynda þétt stuðningsnet fyrir fjölskyldur og barnið sjálft og spilar dagforeldrakerfið þar stóran sess (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2010, bls. 51).

1.1 Tilgangur og markmið

Megintilgangur þessa verkefnis er að varpa ljósi á kosti og galla dagforeldrakerfis sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og setja fram ábendingar um úrbætur. Leitast er við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

- Hver er reynsla foreldra og dagforeldra af dagforeldrakerfi sveitarfélaga innan höfuðborgarsvæðisins?
- Hvaða úrbætur er hægt að gera á núverandi kerfi?

Með höfuðborgarsvæðinu er átt við Reykjavík, Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes. Vonast er til að ritgerðin geti orðið efniviður í áframhaldandi uppbyggingu dagforeldrakerfis sveitarfélaganna. Leitað er eftir nýrri sýn á dagforeldrakerfið og óskað eftir því við viðmælendur að þeir komi með hugmyndir að úrlausn þeirra þátta sem gagnrýnin beinist mest að og þeir spurðir hvort þeir hafi einhverjar nýjungar í huga sem þeir vilja sjá á kerfinu með úrbætur í huga.

Hugtakið nýjung (e. innovation) er samkvæmt skilgreiningu fræðimannsins Rogers (2003), hugmynd, aðferð eða hlutur sem einstaklingur eða eining hefur aldrei séð áður og er því nýr fyrir sjáandanum. Hugmyndir geta oft á tíðum verið endurgerðar og þeim breytt og kallast þær þá endurnýjaðar (e. re-invention). Öllum nýjungum fylgja breytingar á því sem fyrir er, ef innleiða á nýjungarnar. Forsenda þess að innleiða nýjungar og stjórna breytingunum sem í þeim felast er að þekkja kerfið sem unnið er með, hlutverk þess og markmið. Nauðsynlegt er að þekkja uppbyggingu þess, venjur, siði og innviði. Innleiðing nýjunga er tækifæri til breytinga bæði innan sem utan kerfisins (Drucker, 1999). Mikilvægt er að nýjungar og breytingar fari í gegnum allt kerfið og taki til allra hlutaðeigandi svo að sátt náist um breytingarnar. Að þessu sögðu verður dagforeldrakerfið skoðað í heild sinni og hugmyndir að úrbótum og nýjungum frá öllum hlutaðeigandi skoðaðar í framhaldi.

Rannsókninni er ætlað að veita hagnýtt gildi og ætti að geta nýst stjórnendum dagforeldramála sveitarfélaganna í sinni skipulagningu á núverandi kerfi, jafnt sem dagforeldrum og öðrum sem koma að þessum málaflokki.

1.2 Uppbygging ritgerðar

Ritgerðin skiptist í fimm kafla. Í fyrsta kafla, inngangskaflanum, er greint frá megininntaki ritgerðarinnar, tilgangi og markmiði auk þess sem rannsóknarspurningum er varpað upp. Í öðrum kafla er farið yfir umgjörð dagforeldrastarfsins þar sem daggæsla og daggæslukerfi er skilgreint. Örsaga dagforeldrakerfisins er sögð ásamt því að fjöldi og þróun dagforeldra er skoðaður sem og núverandi staða kerfisins. Einnig er rýnt í lagabókstafinn og kafað nánar ofan í reglugerð um daggæslu í heimahúsum nr. 907/2005. Í kafla þrjú er farið yfir aðferðafræðina sem notuð var við gerð þessarar ritgerðar og verkefnamat (e. program evaluation) útskýrt frá fræðilegu sjónarhorni. Kafli fjögur er niðurstöðukaflinn þar sem viðtöl við viðmælendur eru kryfjuð og kerfisvandamálið brúunarvandi er skilgreindur. Í fimmta kafla eru umræður um niðurstöður verkefnamatsins auk þess sem settar eru fram ábendingar byggðar á niðurstöðum fjórða kafla um dagforeldrakerfið. Í lokaorðum er rannsóknarspurningum svarað.

2 Umgjörð dagforeldrastarfsins

Daggæsla og umönnun ungra barna hefur lengi vel verið skilgreind fyrst og fremst sem verkefni og ábyrgð foreldra. Sú hugsun er þó alltaf að breytast og samfélagið allt farið að taka höndum saman við að létta undir með foreldrum. Umönnun ungra barna er vinna og daggæslan þarf að einkennast af öryggi, hlýju, festu, trausti og síðast en ekki síst uppfylla líkamlegar og tilfinningalegar þarfir barnsins til að standast nútíma kröfur (Guðný Björk Eydal, 2006).

Framan af mættu íslensk stjórnvöld einungis foreldrum með styrkjum sem tóku til fæðingar barns en ekki vegna umönnunar þeirra á fyrsta æviskeiðinu. Foreldrar báru sjálfir allan annan kostnað og opinber stuðningur fólst einungis í heilbrigðisþjónustu og mæðra- og ungbarnavernd. Þrátt fyrir þetta voru íslenskar mæður með háa fæðingartíðni og einnig mjög virkar á atvinnumarkaði. Á níunda áratugnum fór að bera á vaxandi þörf fyrir daggæslu og aukinn stuðning við foreldra. Margir fóru að annast daggæslu á einkaheimilum á þessum tíma og hefur kerfið í kringum starfseminu verið í stöðugri þróun síðan (Guðný Björk Eydal, 2006). Í dag líkist dagforeldrakerfið alltaf meira og meira leikskólastiginu þar sem dagforeldraformið samsvarar litlum einkareknum leikskólum fyrir yngsta aldurshópinn. Dagforeldrakerfið eins og það þekktist í dag er fjármagnað af borginni og foreldrum líkt og leikskólinn (Ella Björt Daníelsdóttir Teague og Friðrik H. Jónsson, 2006) og sveitarfélögin fara með eftirlit, ráðgjöf og ábyrgð á starfinu (Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2006).

2.1 Örsaga dagforeldrakerfisins

Upphaf dagforeldrakerfisins á Íslandi má rekja allt aftur til aldamóta 1900 þegar Bríet Bjarnhéðinsdóttir vakti athygli á skorti á daggæsluurræðum fyrir börn og mikilvægi þess að koma á laggirnar uppeldisstofnun í einhverri mynd (Erla Þórðardóttir, 1985, bls. 30–31). Dagvistunarmál voru fyrst um sinn í höndum kvenfélaga, barnavinafélaga eða barnaverndarfélag. Síðar færðust þau í hendur sveitarfélaga þar sem þau eru enn í dag að mestu leyti. Í upphafi var aðeins í boði vistun fyrir börn að sumarlagi frá árinu 1924. Það var ekki fyrr en árið 1931 sem fyrsti leikskólinn var stofnaður í Reykjavík, þar sem dagvistun var í boði allan daginn, þó með ákveðnum fyrirvara (Andrés Ingi Jónsson og Oddný Helgadóttir, 2010, bls. 13-15). Um miðbik aldarinnar voru sett ákvæði um lágar greiðslur til foreldra í

ákveðin tíma eftir fæðingu barns. Þetta var fyrsti vísirinn um fæðingarorlof eins og það þekkist í dag. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá í þeim málaflokki (Guðmundur Þorláksson, 1976). Lög um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila nr. 29/1973, voru sett árið 1973 og tveimur árum síðar, árið 1975 voru tímamótalög sett um fæðingarorlof mæðra á vinnumarkaði sbr. Lög um atvinnuleysistryggingar nr. 57/1973, (Guðný Björk Eydal, 2006, bls. 13).

Dagforeldrakerfið eða dagvistun á einkaheimilum þekktist ekki fyrir alvöru fyrr en um árið 1980, í áþekkri mynd við það sem það er í dag. Árið 1981 voru fyrstu samtök dagmæðra stofnuð undir stjórn Jónu M. Sigurjónsdóttur (2005). Þeirra helsta forgangsmál í fyrstu var að koma í gegn lögum og reglugerð um starfsemina (Selma Júlíusdóttir, 1991). Á þessum fyrstu tímum dagvistunar á einkaheimilum fór barnaverndarnefnd með eftirlit og útgáfu leyfa fyrir starfsemina. Dagvistun á einkaheimilum féll undir sviðið „Fósturheimili“ hjá Barnavernd og öxluðu þau alla ábyrgð varðandi framkvæmd mála. Engin sérreglugerð var til á þessum tíma um starfið, það féll ekki undir sömu skilyrði og dagvistunarheimili (leikskólar) þess tíma. Þrjár til fjórar svokallaðar umsjónarfóstrur störfuðu á vegum Barnaverndar sem höfðu það hlutverk að styðja við og fara með eftirlit með þeim sirka 400 dagmæðrum sem störfuðu í byrjun níunda áratugarins, auk þess að gæta að barnaverndarsjónarmiðum (Selma Júlíusdóttir, 2002; Jóna M. Sigurjónsdóttir, 1982). Síðar færðist eftirlitið og leyfisveitingarnar til „Dagvistar barna í Reykjavík“ sem er í dag fræðsluvið sveitarfélaganna, þó svo að dagvistun í heimahúsum heyrði undir Barnavernd. Málaflokkurinn var því í raun í höndum tveggja aðila. Það skapaði mikla óánægju meðal dagmæðra sem leiddi síðar til þess að þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, fékk í gegn reglugerð um starfsemina nr.198/1992 (nú Reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum 907/2005). Þetta markaði ákveðin tímamót í störfum dagforeldra þar sem þetta voru fyrstu leiðbeiningar eða ramminn sem gefin var út um daggæslu barna í heimahúsum (Selma Júlíusdóttir, 2002; Selma Júlíusdóttir, 1991). Engin lög hafa enn verið sett um daggæslu barna í heimahúsum.


Í dag reka dagforeldrar tvö hagsmunasamtök fyrir starfsstéttina. Annarsvegar er það félagið „Barnið“ og hinsvegar félagið „Barnavistun“.Dagforeldrum er frjálst að ganga inn í samtökin en það er engin skylda. Þarna geta dagforeldrar skipst á skoðunum, séð sig og aðra og fundið

stuðning hvert frá öðru. Það er mjög mikilvægt fyrir sjálfstætt starfandi aðila að geta komið saman með sínum líkum, fundið styrkinn í hvert öðru og leitað til annarra ef eitthvað þarfnast úrlausna og umræðu. Ýmiss konar fræðsla á sér stað innan samtakanna fyrir félagsmenn auk þess sem þau eru fengin með í samtöl við sveitarfélögin þegar uppbyggingarvinna og önnur mikilvæg málefni eru rædd.

2.2 Fjöldi dagforeldra, þróun og núverandi staða


Eftir aldarmótin 2000 hefur fjöldi dagforeldra verið sveiflukenndur allt frá 380-540 starfandi dagforeldra á landsvísu, þ.e. að meðaltali 440 talsins. Flestir dagforeldrar eru starfandi á höfuðborgarsvæðinu eða að jafnaði um 70%. Um 45% af þeim starfa í Reykjavík eða á bilinu 160-220 dagforeldrar. Í nágretta sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu eru að jafnaði um 95-135 starfandi dagforeldrar. Vísbendingar eru um að starfsaldur dagforeldra á landsvísu sé að hækka og nýir dagforeldrar fáist ekki inn í stéttina. Árið 2013 voru 165 starfandi dagforeldrar með ellefu ára eða hærri starfsaldur í starfi á landsvísu. Á sama tíma hefur þeim fækkað hlutfallslega sem starfað hafa í 1-5 ár, þeir voru 149 talsins árið 2013 og voru þá orðnir um þriðjungur allra starfandi dagforeldra. Nýjustu tölur frá árinu 2019 benda til mikillar fækkunar í hópi dagforeldra. Tölur Hagstofunnar segja að einungis 381 dagforeldri hafi verið starfandi það ár, 280 af þeim voru staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Aðeins 77 dagforeldrar voru þá starfandi með 1-5 ára starfsaldur á móti 137 dagforeldrum úr hópi þeirra reynslumeiri, 11 ára starfsreynsla eða meiri (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015).

Aldurssamsetning þeirra barna sem eru í umsjá dagforeldra hefur einnig breyst mikið síðustu 23 árin. Árið 1998 voru 65% þeirra sem nýttu þjónustu dagforeldris eins árs eða yngri. Árið 2013 var hlutfallið komið upp í 98%. Þessi breyting byrjar að eiga sér stað strax upp úr aldarmótum 2000. Síðan þá hefur dagforeldraþjónustan eingöngu verið úrræði fyrir börn á fyrsta aldursári til rúmlega tveggja ára aldurs en öll börn tveggja ára eða eldri fá þá vistun á leikskóla, með einhverjum undantekningum þó (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015).




Mynd 1. Heildarfjöldi barna á aldrinum 0-2 ára á höfuðborgarsvæðinu á árunum 1998-2018 (Hagstofa Íslands, e.d).

Mynd 1 sýnir fjölda barna á aldrinum 0-2 ára á höfuðborgarsvæðinu á árunum 1998-2018. Fjöldi barna í þessum aldurshópi helst nokkuð stöðugur milli ára, þó má greina smá uppsveiflu á árunum 2008-2015 þegar fæðingartíðni jókst í kjölfar hrunsins. Miðað við þessar tölur má gróflega áætla að allt að 6.000 1-2 ára börn á höfuðborgarsvæðinu þurfi á vistunarúrræðum að halda á ári hverju.




Mynd 2. Þróun á fjölda dagforeldra miðað við starfsaldur á höfuðborgarsvæðinu árin 2001-2009 (Hagstofa Íslands, e.d b).

Mynd 2 sýnir þróun dagforeldra miðað við starfsaldur á höfuðborgarsvæðinu árin 2001-2019. Á henni má glögglega sjá þá miklu fækkun sem orðið hefur í dagforeldrastéttinni á höfuðborgarsvæðinu síðustu ár. Þar fækkaði dagforeldrumtöluvert árið 2009 í takt við efnahagshrunið og þá staðreynd að foreldrar gátu verið meira heima með börn sín sökum atvinnuleysis; eftirspurnin eftir dagforeldrum minnkaði. Næstu ár á eftir tók þeim þó að fjölga aftur og nýir dagforeldrar tóku til starfa í bland við þá reynslumeiri. Árið 2014 fór þeim hins vegar að fækka jafnt og þétt aftur og helst það í hendur við sveiflurnar í fjölda barna á höfuðborgarsvæðinu á þessum árum. Nýir dagforeldrar fengust ekki til starfa og starfandi dagforeldrar lögðu árar í bát. Gríðarleg fækkun varð í öllum starfsaldurhópum nema þeim sem unnið höfðu í 6-10 ár, þeim fjölgaði mikið milli árána 2018-2019. Aukning af þessu tagi getur stafað af þáttum eins og breyttri skráningu og átaki í fjölgun dagforeldra auk þess sem starfsfólk með reynslu getur hafa komið inn í starfið aftur. Þessi mikla hröðun var ekki í takt við fjölgunina sem orðið hafði í starfsaldurhópnum undir 5 ára starfsreynslu árin áður. Samt sem áður var húnekki næg til þess að halda í við þann fjölda sem vantaði í starfsstéttina.




Mynd 3. Fjöldi barna í dagvistun á einkaheimilum eftir aldri á höfuðborgarsvæðinu á árunum 1998-2001 (Hagstofa Íslands, e.d c).

Mynd 3 sýnir aldurskiptan fjölda barna sem fékk pláss hjá dagforeldri á árunum 1998-2019. Langstærsti aldurshópurinn er eins árs í takt við það sem áður hefur komið fram. Flest voru plássin árið 2000 eða 2.075 talsins, en þá var enn stór hluti tveggja ára barna í umsjá dagforeldra, eða 644 börn. Miklar sveiflur hafa verið í fjölda plássá hjá dagforeldrum á höfuðborgarsvæðinu á þessum árum, allt frá rúmlega 2.000 plássum í rúm 900 pláss.



Mynd 4. Fjöldi barna á aldrinum 0-2 ára í leikskólum á höfuðborgarsvæðinu árin 1998-2019 (Hagstofa Íslands, e.d d).

Fjöldi barna á aldrinum 0-2 ára í leikskólum á höfuðborgarsvæðinu hefur verið breytilegur á árunum 1998-2019, líkt og mynd 4 sýnir. Öll börn sem sækjast eftir leikskólaplássi eiga að vera komin með pláss inn á leikskóla við tveggja ára aldur skv. stefnu sveitarfélaganna og passar það að mestu leyti við fjölda barna með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu á árunum 1998-2019. Miklar sveiflur hafa verið í inntöku barna við eins árs aldur í leikskólum á höfuðborgarsvæðinu. Þeim plássum fer fjölgandi í takt við stefnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu líkt og sést á tölunum hér að ofan. Árið 2000 þegar minnst var um þennan aldursþóp í leikskólunum, voru aðeins 204 eins árs börn skráð í leikskóla á höfuðborgarsvæðinu miðað við 2.476 börn árið 2019. Á þessum rúmum tuttugu árum hefur ungbarnaleikskólum fjölgað sem og ungbarnadeildum inn á leikskólum til að mæta auknum þörfum foreldra um daggæsluúrræði. Dagforeldrum hefur fækkað á mótí og vistunarpláss hjá þeim því færri fyrir vikið.



Mynd 5. Fjöldi barna á aldrinum 0-2 ára utan leikskóla á höfuðborgarsvæðinu á árunum 1998-2018 (Hagstofa Íslands, e.d e).

Mynd 5 sýnir fjölda barna á aldrinum 0-2 ára sem ekki eru með pláss á leikskólum á höfuðborgarsvæðinu. Í hópi 2 ára barna eru alltaf einhver börn sem fara ekki strax inn á leikskóla og eru lengur í foreldrahúsum. Það sama má segja um börn undir eins árs aldri, þau eru langflest enn þá í umsjá foreldra þótt nokkur þeirra fái pláss hjá dagforeldri. Sá möguleiki er nefnilega fyrir hendi að foreldrar lengi fæðingarorlofið sitt yfir 24 mánaða tímabil, samanber lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 144/2020.

Ef nýjustu tölur um fjölda barna hjá dagforeldri á höfuðborgarsvæðinu og tölur um fjölda barna í leikskólum á höfuðborgarsvæðinu eru bornar saman við heildarfjölda barna á höfuðborgarsvæðinu má glögglega sjá að töluverður fjöldi þessara barna fær hvergi daggæslupláss. Árið 2018 voru 7.919 börn á aldrinum 0-2 ára skráð á höfuðborgarsvæðinu. 3.829 börn voru skráð á leikskóla og 893 börn hjá dagforeldri. Samtals voru þetta 4.786 börn sem fengu pláss í daggæsluúrræði, eftir stóðu 3.133 börn á aldrinum 0-2 ára án úrræðis, af

þeim voru 2.635 börn undir eins árs aldri. Því má gróflega áætla að um 498 börn, 1-2 ára, hafi verið á bið eftir plássi hjá dagforeldri eða á leikskólum á höfuðborgarsvæðinu árið 2018.

2.3 Reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum

Reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005 (hér eftir nefnd reglugerð um daggæslu) fjallar um stjórnskipulag, barnafjölda, leyfisveitingar, ábyrgð og skyldur dagforeldra o.s.frv. Reglugerðin fjallar að engu leyti um faglegar kröfur vegna menntunar, dagskipulags eða annað því tengdu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015). Slíkt er ekki skilgreint fyrr en komið er á leikskólastig, í lögum um leikskóla nr. 90/2008. Reglugerðin tekur til gæslu barna fram að grunnskólaaldri í heimahúsi sem rekin er í atvinnuskyni. Í grunninn er dagforeldraþjónustan félagsþjónusta sem fellur eingöngu að hluta til undir starfsemi hins opinbera. Þessi hluti felst í leyfisveitingu og eftirliti sem er í höndum sveitarfélaga skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Ráðherra fer með yfirstjórn málefna sem falla undir þessi lög og setur umrædda reglugerð sem er grundvölluð á þeim. Sveitarstjórn getur sett reglur um daggæslu bæði á grunni sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Dagforeldrarstarfið mótast því af þessari umgjörð sem löggjafinn setur því og umgjörðin mótast af áherslum og sýn þess stjórnvalds sem er við lýði hverju sinni. Hér er m.a. átt við fjármögnun og stefnumótun sveitarfélaga í málaflokknum. Stefnan í dagforeldramálum er útfærð á vegum fræðsluviðs viðkomandi sveitarfélags sem einnig hefur lögbundinni skyldu að gegna við eftirlit og leyfisveitingu til dagforeldra sveitarfélagsins, líkt og fram kom hér að ofan. Reglur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um dagforeldrakerfið eru keimlíkar, þó einhver áherslumunur sé á milli þeirra t.d. í formi niðurgreiðslu til foreldra og samninga milli sveitarfélagsins og dagforeldra.

Í leikskólalögum nr. 90/2008 segir að sveitarfélög setji reglur um innritun barna í leikskóla og hafi forystu um það að veita börnum leikskóladvöl. Það kemur hvergi fram hversu gamalt barn þarf að vera til þess að eiga rétt á daggæslu- eða leikskólaplássi. Sveitarfélögum ber engin skylda til þess samkvæmt lögum að veita foreldrum stuðning með ung börn sín. Niðurgreiðsla á dagforeldraplássi og framboð á þeim er algjörlega í höndum sveitarfélaganna

sjálfra, sem og þeirra ákvörðun hvenær, hvort og hvernig þeir hafa sinn stuðning við barnafjölskyldur.

Dagforeldrar eru sjálfstætt starfandi atvinnustétt sem starfa eftir reglugerð um daggæslu. Sjálfstæður atvinnurekandi stundar sína starfsemi ýmist á eigin kennitölu eða í félagi, með reglubundnum hætti og ákveðnu umfangi, í þeim tilgangi að hagnast. Þessu atvinnuformi fylgir ákveðið umfang og aukavinna því aðili þarf að standa skil á ýmsum sköttum og gjöldum, tryggingum, lífeyrissjóðsgreiðslum o.s.frv., auk þess að senda viðeigandi gögn og reikninga til stofnana þegar það á við (BHM, 2021).

2.3.1 Í hverju felst daggæsla?

Þegar fæðingarorlofi lýkur og foreldrar halda út á vinnumarkaðinn eða í nám þurfa þeir að finna barni sínu daggæslu við hæfi, t.d. hjá dagforeldri, á ungbarnaleikskóla eða ungbarnadeild leikskóla. Með daggæslu í heimahúsi, íbúðarhúsnæði dagforeldra, er átt við gæslu barna á tímabilinu 07:00 – 19:00 á virkum dögum. Mismunandi reglur gilda á milli sveitarfélaga um þessa þjónustu t.d. hvað varðar niðurgreiðslu, eftirlit, samninga o.fl. Í grunninn er þessi þjónusta þó keimlík og þurfa allir dagforeldrar að fylgja reglugerð um daggæslu. Fjöldi barna hjá dagforeldri getur verið allt frá 4 börnum þar sem eitt dagforeldri starfar og upp úr, allt eftir því hversu margir starfa saman og hver starfsaldur dagforeldrisins er. Langalgengast er að dagforeldrar starfi einir eða tveir saman.

2.3.2 Skipulag daggæslu

Skipulag daggæslu er hvergi niðurnjörvað í lög eða reglugerðir. Skipulagið er eins og hvert og eitt dagforeldri mótar og er þeim í sjálfsvald sett hvernig þeir vilja haga því. Dagforeldri ræðursjálfur sínu umsóknarferli, biðlistum, vali á börnum, verðskrá, vinnutíma o.s.frv. Opnunartími dagforeldra er einnig frjálst en mælst er til þess í reglugerð um daggæslu að dvöl barns sé ekki lengri en 9 klst á dag hjá dagforeldri og 4 vikna sumarleyfi sé tekið ár hvert, enda miðast niðurgreiðsla sveitarfélaga aðeins við 11 mánuði á ári.

Dvalargjaldið ákvarðast af dagforeldrunum sjálfum því þeir eru sjálfstætt starfandi og þeim er ekki heimilt að vera með verðsamráð. Gjaldskrá er því frjálst og sveitarfélögin niðurgreiða ákveðna upphæð með hverju dagforeldraplássi, hún ræðst af hjúskapar- og námsstöðu

foreldra og er mishá milli sveitarfélaga. Sveitarfélögin byrja að niðurgreiða við 6 mánaða aldur hjá einstæðum foreldrum og foreldrum sem eru í námi, annars er viðmiðið að niðurgreiðsla hefjist í fyrsta lagi við 9 mánaða aldur. Innheimta dagforeldra á dvalargjaldinu er einnig frjáls og er gjaldið ýmist innheimt í millifærslum, beinhörðum peningum eða með kröfu í heimabanka.

Hvert og eitt dagforeldri er ábyrgt fyrir sínu umhverfi og velferð barnanna sem eru í umsjá þess. Flestir dagforeldrar leggja upp úr umhyggju og öryggi í sínu starfi líkt og venjan er á ungbarnaleikskólum og þeim deildum leikskóla sem sinna jafn ungum aldurshópi og dagforeldrar (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012). Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (2021) kemur einnig fram að réttur barna sé að njóta verndar og umönnunar sem miðast við þroska og aldur þeirra. Hver sá sem axlar þá ábyrgð og þær skyldur að ala upp barn og annast það skal miða allt út frá því sem hentar barninu og þörfum þess sem best. Velferð barnsins er númer eitt, tvö og þrjú og vanda skal til verka þegar kemur að uppeldisaðstæðum, en dagforeldrar eru einmitt stór partur af uppeldi barnanna sem dvelja hjá þeim (Lög um barnavernd nr. 80/2002).

2.3.3 Skilyrði til að gerast dagforeldri

Skilyrði fyrir leyfi til að starfa sem dagforeldri er að vera heilsuhraustur og hafa náð 20 ára aldri. Viðkomandi þarf að skila inn umsögn tveggja ábyrgra aðila, vera með hreint sakarvottorð og sækja 70 stunda starfsréttindanámskeið ásamt því að slysatryggja börn í vistun hjá sér. Við 65 ára aldur er aðeins veitt leyfi til eins árs í senn en enginn hámarksaldur er til að starfa sem dagforeldri. Húsakynni ásamt afgirtri lóð, leiktækjum og leikföngum skulu uppfylla ákvæði reglugerðar um hollustuhætti nr. 94/2002 ásamt því að brunavarnir skulu skoðaðar og viðurkenndar af sveitarfélagi hvers og eins. Þar sem dagforeldrar starfa í heimahúsum er reglan sú að eldhús aðstaðan verður að vera aflokuð svo börnin komist ekki nálægt eldunartækjum og öðrum hættum sem þar leynast. Leikrýmið verður að vera að minnsta kosti 3 fermetrar af gólfleti fyrir hvert barn og hvíldaraðstaða aðskilin.

2.3.4 Umsjón og leyfisveiting

Umsjón og leyfisveitingar með daggæslu í heimshúsi heyra undir fræðsluvið viðkomandi sveitarfélaga þar sem langflestir íbúar landsins eru búsettir, annarsstaðar sér félagsþjónustan

um málaflokkinn. Leyfi er veitt í eitt ár til reynslu og eftir það allt til fjögurra ára. Heimilt er fyrir tvo dagforeldra að starfa saman með að hámarki 10 börn. Leyfið tekur til allt að fjögurra barna samtímis en eftir a.m.k. eins árs samfelldan starfstíma er heimilt að veita leyfi fyrir einu barni til viðbótar. Við endurnýjun leyfa þarf dagforeldri að skila inn læknisvottorði og sakarvottorði, heilbrigðisvottorð þarf einnig að liggja fyrir ef um daggæslu með sex börn eða fleiri er að ræða. Ef skipt er um húsnæði þarf sömuleiðis að sækja um endurnýjun á leyfi og úttekt skal gerð á húsnæði og lóð. Bráðabirgðaleyfi eru veitt til sex mánaða í senn þeim dagforeldrum sem ekki hafa getað sótt starfsréttindanámskeið á vegum sveitarfélagsins. Slík leyfi eru þó aldrei veitt án undangenginnar kynningar á undirstöðuatriðum þess hvað í því felst að taka að sér barn á einkaheimili til gæslu.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna og eldvarnareftirlit sveitarfélaganna, í samstarfi við barnaverndarnefnd, eiga að taka út starfsemi dagforeldra í upphafi leyfisveitingar og eftir því sem þurfa þykir. Leyfisveiting ofangreindra aðila þarf alltaf að liggja fyrir hjá þeim dagforeldrum sem sjá um sex börn eða fleiri, skv. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Þeim dagforeldrum sem eru með fleiri en fimm börn eru strangari skorður settar, þurfa meira rými og greiða úttekt og skoðun heilbrigðiseftirlitsins.

2.3.5 Eftirlit, öryggismál og leiðir til kvörtunar

Sveitarfélögin bera ábyrgð á umsjón og eftirliti með starfsemi dagforeldra. skv. 4. gr. reglugerðar um daggæslu. Félagsmálanefnd fer með skipunarvald umsjónaraðila/daggæslufulltrúa sem fylgist með og er styðjandi fyrir starfandi dagforeldra í hverju og einu sveitarfélagi. Meginverkefni hans er að fara í reglulegar heimsóknir til dagforeldra, halda fræðslufundi fyrir nýja dagforeldra sem og starfandi dagforeldra og halda fundi með foreldrum sé þess óskað t.d. vegna sérstakrar ráðgjafar, skv. 34. gr. reglugerðar um daggæslu. Dagforeldrum býðst að sækja upprifjunarnámskeið tengd öryggismálum svo sem skyndihjálp og eldvörnum auk ýmissa uppeldisnámskeiða, þroska- og málörvunarnámskeiða o.s.frv., sem niðurgreidd eru af sveitarfélögum.

Eftirlit með starfsemi felst svo í staðfestingu á mánaðarlegum skilum dagforeldra á yfirliti yfir skráð börn í gæslu, þrjár óboðnar eftirlitsheimsóknir á ári til starfandi dagforeldra og söfnun

upplýsinga frá foreldrum með viðhorfskönnun einu sinni á ári um daggæsluna. Eftirfylgni vegna kvartana er einnig á þeirra borði, skv. 35 gr. reglugerðar um daggæslu. Félagsmálanefnd getur falið öðrum aðila en umsjónarmanni að fara með eftirlitið ef nauðsynlegt þykir.

Foreldrar eru skyldugir samkvæmt lögum að tilkynna til umsjónaraðila ef þeir verða varir við skort á umönnun eða ef aðbúnaði og hollustuháttum dagforeldra er ábótavant þannig það hafi neikvæð áhrif á líðan barns, skv. 26. gr. reglugerðar um daggæslu. Umsjónar- og eftirlitsaðilar eiga sömuleiðis að tilkynna til foreldra og félagsmálanefndar ef það telur barn vera í hættu. Félagsmálanefnd hefur skv. 38 og 39 gr. reglugerðar um daggæslu heimild til að svipta dagforeldri leyfi varanlega eða tímabundið ef það er talið brýnt.

Verklagsreglur sveitarfélaga um málsmeðferð kvartana eru í samræmi við reglugerð um daggæslu, kafli XI. Sveitarfélagið skal vera upplýsandi og leiðbeinandi í kvörtunarmálum fyrir alla hlutaðeigandi; dagforeldra, foreldra, barnavernd, heilbrigðisnefnd o.s.frv. Sveitarfélagið getur beitt tímabundinni leyfissviptingu dagforeldris í léttvægari málum og endanlegri leyfissviptingu ef um er að ræða alvarlegar kvartanir eða ef dagforeldri bregst ekki við tilmælum um úrbætur eða annað þess háttar. Kvartanir eiga allar að berast á viðeigandi eyðublað hjá sveitarfélögum og skráðar í kerfi sveitarfélagsins til þess að teljast gildar, þó sérstaklega þegar um er að ræða alvarlegar kvartanir. Að öðru leyti gilda stjórnslulög um málsmeðferð við leyfissviptingu skv. reglugerðinni.

3 Aðferðafræði

3.1 Verkefnamat

Notast er við eigindlegt verkefnamat (e. qualitative evaluation) sem hentar vel til að meta opinber verkefni eða kerfi, þar sem rannsóknarspurning beinist að því að meta hversu góð opinber þjónusta er. Í þessu tilfalli er dagforeldrakerfi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu metið með það í huga að benda á hvað betur megi fara. Verkefnamati er ætlað að vera ákveðin leið til upplýsingaöflunar á því kerfi sem er við lýði, með það að markmiði að finna styrkleika og veikleika þess sem nýta má til ákvarðanatöku og úrbóta á sambærilegum verkefnum og/eða svipuðum kerfum (Sigurlína Davíðsdóttir, 2008, bls. 13). Til þess að hægt sé að meta verkefni eða kerfi heildstætt þarf oft að skipta því niður í minni þætti og greina hvern og einn þátt með tilliti til aðferðanna sem notaðar eru við framkvæmd verkefnisins. Tilgangur verkefnamats er að meta hvort verkefnið eða kerfið sjálft skili þeim markmiðum sem lagt var upp með að það geri og ákveðið hvort því skuli haldið óbreyttu eða þarfnist lagfæringar eða stöðvunar (Fitzpatrick, Sanders og Worthen, 2012).

Skipta má verkefnamati upp í tvo flokka allt eftir tilgangi þess, annarsvegar er það mótandi mat (e. formative evaluation) og hinsvegar heildarmat (e. summative evaluation). Með mótandi verkefnamati er þjónustuþörf fyrir tiltekna þjónustu metin og hvaða leið sé ákjósanlegust þegar veita á þjónustuna, með það að leiðarljósi að hún verði betri og uppfylli allar væntingar. Heildarmat er svo framkvæmt þegar verkefni er skoðað heildstætt t.d. þegar ákvörðun er tekin um hvort ákveðið verkefni skuli sett á laggirnar eða ekki. Einnig er slíkt verkefnamat framkvæmt þegar bera á saman verkefni sem eru keimlík og ætlað að skila sambærilegri niðurstöðu (Posavac og Carey, 2007).

Þegar verkefnamat er framkvæmt getur skipt máli hver gerir slíkt mat, hvort það sé einhver sem tekur beinan þátt í verkefninu, t.d. starfsmaður, eða hvort viðkomandi standi utan við verkefnið. Ólíkir kostir fylgja annarsvegar starfsmanninum og hins vegar utanaðkomandi aðilanum þegar framkvæma á verkefnamat. Starfsmaðurinn leggur til mikla sérfræðiþekkingu auk þekkingar á viðfangsefninu, skipulagsheildinni, starfseminni í heild sem og stjórnun hennar. Ytri aðili hefur hins vegar ekki komið nálægt neinni ákvarðanatöku við

verkefnið í fortíðinni, er hlutlaus og býr yfir ákveðinni fjarlægð frá verkinu. Einn aðili trompar þó ekki hinn við gerð verkefnamats, ákveðnir kostir fylgja því að hafa báða þessa aðila með í liði þegar gera á verkefnamat, þar sem þeir bæta hvor annan upp (Fitzpatrick, Sanders og Worthen, 2012). Þetta verkefni er framkvæmt af ytri aðila með aðstoð innri aðila sem starfa annarsvegar í kerfinu sem verið er að leggja mat á og hins vegar þeirra sem starfa við umsjón og eftirlit með kerfinu. Markmiðið er að skoða kerfið heildstætt og meta hvort að það sé að virka sem skyldi og skila þeim markmiðum og árangri sem lagt var upp með.

Verkefnamatið byggir annars vegar á viðhorfum foreldra sem hafa nýtt sér þjónustu dagforeldrakerfisins og hins vegar viðhorfum dagforeldranna sjálfra. Með verkefnamatinu er leitast við að fá fram reynslu þessara foreldra af þjónustunni, aðdragandanum, rekstrinum og kerfinu í heild sem og dagforeldranna sjálfra. Verkefnamatið byggir einnig á rýni á regluverkinu í kringum þessa þjónustu sem og félagsmálum. Verkefnamatið er af þessum sökum í raun tvíþætt:

1. Reglugerðir, skýrslur og úttektir á dagforeldrakerfinu. Auk þess er upplýsinga aflað á heimasíðum sveitarfélaga og í samtölum við stjórnendur daggæslumála sveitarfélaganna.
2. Eigindleg opin viðtöl eru tekin við dagforeldra sem og foreldra þar sem leitast er við að fá viðhorf og reynslu þeirra af dagforeldrakerfinu. Einnig eru tekin viðtöl við stjórnendur daggæslumála hjá sveitarfélögunum, til að fá þeirra sýn á kerfið og vangaveltur um uppbyggingu o.s.frv.

3.2 Rannsóknaraðferðir

Eigindlegt verkefnamat er notað við vinnslu þessa verkefnis þar sem viðmælendur eru virkir þátttakendur á túlkun dagforeldrakerfisins. Þeir meta sjálfir, útskýra og segja frá sinni reynslu, upplifun og þekkingu á fyrirbyggjandi kerfi. Eigindlegri aðferðafræði hefur sérstaklega verið beitt í félagsvísindum og skiptist í þrennt: viðtalsrannsóknir, rýnihópa og þátttökuathuganir. Í þessu verkefni er notast við viðtalsrannsóknir (Priest, o.fl.,2002; Helga Jónsdóttir, 2013). Hlutverk rannsakanda er að greina og komast að veruleika viðmælandans, túlka hann og skýra út frá hans sjónarhorni. Rannsakandinn er helsta rannsóknarverkfærið en hann safnar gögnunum og greinir þau. Skilningur rannsakanda á sínum eigin viðhorfum er einnig mikilvægur partur af aðferðafræðinni (Priest, o.fl., 2002; Helga Jónsdóttir, 2013).

Rannsakandinn fer í viðtal með fyrirframákveðinn viðtalsramma og fyrirframgefnar hugmyndir um það hvaða efni verði safnað, hvað verið er að fást við og hverju er verið að ná fram skilningi á og svörum við. Þrátt fyrir að viðtalsefnið sé nokkuð niðurnjörvað og fyrirframákveðið, þurfa spurningarnar samt sem áður að vera opnar. Tækifæri þarf að gefast til að bæta við spurningum eftir þörfum og samtal og samræður þurfa að geta átt sér stað til að dýpka efnið. Þetta er mikilvægt svo hægt sé að fá sem mestar upplýsingar út úr viðtalinu, reynslu og þekkingu viðmælanda á rannsóknarefninu og hvernig hann metur aðstæður og umhverfið í kringum rannsóknarefnið (Esterberg, 2002; Helga Jónsdóttir, 2013).

Einnig er notast við fyrirbyggjandi gögn ríkis og sveitarfélaga sem undirstöðu í verkefninu. Gögnin eru reglur, greinargerð með reglugerðinni, starfsáætlanir, viðhorfskannanir á starfsemi meðal notenda og framkvæmdaraðila sem og aðrar útgefnar skýrslur. Þessum gögnum er ætlað að skýra starfs- og rekstrarumhverfi daggæslu barna í heimahúsum, markmið, hlutverk og útgefna framtíðarsýn á núverandi dagforeldrakerfi.

3.3 Gagnasöfnun

Notast er við eigindleg opin viðtöl sem fengin voru með hentugleikaúrtaki (e. convenience sampling) þar sem valdir eru fjórir viðmælendur úr hópi foreldra og fjórir viðmælendur úr hópi dagforeldra. Foreldrarnir eru valdir út frá þeim forsendum að þeir hafi nýtt sér þjónustu dagforeldra á höfuðborgarsvæðinu síðastliðið eitt til tvö ár. Óskað var eftir viðmælendum á lokuðum Facebook-hópi foreldra leikskólabarna. Dagforeldrarnir voru valdir út frá þeim forsendum að þeir hefðu unnið í tíu ár hið minnsta við dagforeldrastörf. Óskað var eftir viðmælendum á lokuðum Facebook-hópi dagforeldra.

Höfundur hafði einnig samband við stjórnendur dagforeldramála hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu í gegnum tölvupóst. Nokkrir höfðu samband til baka og lýstu yfir ánægju sinni og áhuga á rannsókninni og vildu endilega veita viðtal. Viðtöl fengust við fulltrúa þriggja sveitarfélaga. Tímarammi fyrir hvert viðtal var um klukkutími og voru viðtölin tekin yfir fjögurra mánaða tímabil að vetri 2020 og í byrjun árs 2021. Viðtalsvísir var hafður til hliðsjónar í viðtölunum en stuðst var við svipaðar kannanir og þær hafðar að leiðarljósi við

gerð viðtalsvísis við gagnasöfnun í þessu verkefni (Helga Jónsdóttir, 2013). Viðtalsvísinn má sjá í fylgiskjöllum nr. 1 og nr. 2.

3.4 Úrvinnsla gagna

Viðtölin við viðmælendur voru hljóðrituð og skrifuð upp orð fyrir orð í framhaldinu. Viðtölin voru flokkuð út frá uppbyggingu og efnisatriðum í viðtalsvísinum, þar sem meginþættir þeirra koma fram, til að auðvelda frekari úrvinnslu gagnanna. Við þetta urðu til megingaflar í niðurstöðum verkefnisins. Ályktanir voru svo dregnar úr frá flokkuninni og fræðilegar hugmyndir og fyrirliggjandi gögn skoðuð samhliða viðfangsefninu. Ekki er hægt að alhæfa um niðurstöður verkefnisins og draga fram algildar ályktanir líkt og gert er í megindegum rannsóknum. Hins vegar geta þær nýst sem leiðarljós til að betrumbæta fyrirliggjandi kerfi og gefið ýmsar vísbendingar um það efni sem verið er að skoða. Því var leitast við að fá sem breiðastan hóp viðmælenda og víðasta sjónarhornið þegar þeir voru valdir (Esterberg, 2002; Helga Jónsdóttir, 2013).

3.5 Vandamál og takmarkanir

Til þess að rannsókn sé góð þurfa gögnin að vera góð. Þegar meta á það þarf að þekkja hugtökin réttmæti (*e. validity*) og áreiðanleiki (*e. verification*). Þessi hugtök eru mikilvæg í eigindlegum rannsóknum líkt og í megindegum, þó að erfiðara sé að henda reiður á þau í eigindlegum rannsóknum (Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2013). Hin hefðbundna skýring á hugtökunum gengur út frá „að innra réttmæti vísi til þess hvort sú mynd sem rannsóknin dregur upp af veruleikanum standist samanburð við veruleikann og ytra réttmæti hvort alhæfa megi um niðurstöðuna. Áreiðanleiki snýst um líkurnar á að niðurstöðurnar yrðu þær sömu væri rannsóknin endurtekin.“ (Þuríður Jóna Jóhannsdóttir, 2009). Rannsakandi verður að geta sannreynt gögnin sín og gengið úr skugga um áreiðanleika niðurstaðna sinna. Til að tryggja réttmæti og áreiðanleika gagna er stuðst við ábendingar Creswell (2003, bls. 195-196). Creswell leggur megináherslu á að sannreyna gögn sbr. áreiðanleika, frekar en að fjalla um réttmæti þeirra því það getur verið villandi. Creswell talar um átta mismunandi leiðir til að sannreyna gögn og þurfa tvær af þeim að vera nýttar til þess að hægt sé að sannreyna gögn. Eftirfarandi leiðir voru notaðar við gerð þessa verkefnis:

- Tillit tekið til mismunandi skoðana, sjónarmiða og reynslu sem viðmælendur hafa og koma fram hjá þátttakendum rannsóknarinnar.

- Meðvitund rannsakanda um stöðu sína, sjónarhorn gagnvart rannsóknarefninu sem og sína reynslu af viðfangsefninu.
- Rannsóknin er unnin í samráði við leiðbeinanda sem kemur stöðugt með uppbyggjandi athugasemdir og ábendingar um verkefnið svo það er í stöðugri endurskoðun og móttun út allt ferlið. Einnig mun utanaðkomandi aðili lesa yfir verkefnið að lokum, gefa því einkunn og leggja mat sitt á það.

Viss áhætta er fólgin í því að rannsakandi hafi fyrirframgefnar hugmyndir og skoðanir á efninu sem hefur hugsanlega áhrif á upplifun og túlkun rannsakanda. Rannsakandi er hins vegar mjög meðvitaður um þetta og tekur tillit til allra skoðana og ábendinga þeirra sem leggja verkefninu lið. Rannsakandi hefur kynnt sér vel siðferði rannsakenda og ætti þetta því ekki að hafa truflandi eða neikvæð áhrif á rannsóknina.

3.6 Siðferðisleg álitamál

Í eigindlegum rannsóknum eins og þessari er mikilvægt að benda á siðferðisleg álitamál sem kunna að koma upp, en til þess að rannsóknin standi undir nafni þarf hún að uppfylla siðferðislegar kröfur jafnt sem aðferðafræðilegar. Líkt og fræðimaðurinn Hart (2011, bls. 277-283) bendir á er rannsóknarferlið hlaðið skoðunum og gildum, því á þeim byggist rannsóknin og niðurstöður. Af þessum sökum eru margar siðferðislegar ákvarðanir sem rannsakandi þarf að taka við gerð rannsóknarinnar, til að mynda hvernig gagna skal aflað, hvernig farið verður með viðkvæmar upplýsingar, hver er réttur þátttakenda sem taka þátt í rannsókninni o.s.frv. Þetta eru allt mikilvæg skref í ferlinu og taka þarf tillit til allra sjónarmiða áður en ákvörðun er tekin og farið er af stað með rannsóknina (Sigurður Kristinsson, 2013 bls. 71-88).

Hart bendir einnig á mikilvægi þess að taka tillit til hagsmunaaðila sem koma nálægt rannsókninni og geti haft önnur og ólík sjónarhorn sem og viðhorf til rannsóknarefnisins (Hart, 2011, bls. 277-283). Það getur verið flókið fyrir rannsakandann að vinna með og á hans ábyrgð að finna leiðir til að setja fram þau sjónarmið og túlka þar sem þau kunna að koma fram (Sigurður Kristinsson, 2013, bls. 71-88). Heiðarleiki og virðing eru einnig lykilþættir í rannsókn sem þessari. Falskar og misvísandi upplýsingar eiga hvergi að koma fram. Náðin við þátttakendur er mikil og því er mikilvægt að vinna eigindlegar rannsóknir af virðingu og á

mjög mannlegum og faglegum nótum (Hart, 2011, bls. 277-283; Sigurður Kristinsson, 2013, bls. 71-88). Höfundur vann verkefnið af heiðarleika og heilindum og fór með viðfangsefnið og viðmælendur af virðingu og alúð. Öllum gögnum er eytt eftir að ritgerð er skilað inn og rannsókninni lýkur. Nafnleyndar var gætt með því að dulbúa þátttakendur svo að nöfn þeirra og sveitarfélög kæmu ekki fram og eru því ekki rekjanleg.

4 Niðurstöður

Í verkefnamatinu var leitast eftir því að meta reynslu og viðhorf af daggæslu á höfuðborgarsvæðinu með viðtölum við foreldra, dagforeldra og sveitarfélaganna sjálfra til núgildandi dagforeldrakerfis á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er getið um nöfn, kyn eða aðrar upplýsingar tengdum viðmælendum. Þetta er gert til að gæta trúnaðar við viðmælendur. Slíkar upplýsingar eru niðurstöðu verkefnamatsins óviðkomandi.

4.1 Val á dagforeldri

Þeir foreldrar sem rætt var við áttu það sameiginlegt að hafa leitað eftir plássi hjá dagforeldri til þess að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Foreldrarnir neyddust til að fara aftur út á vinnumarkaðinn og sinna skuldbindingum sínum utan heimilis og önnur daggæsluúrræði voru ekki í handraðanum. Val á dagforeldrum er svo oft og tíðum snúið og að mörgu að huga. Foreldrar eru jú að velja manneskju til að gæta að því mikilvægasta sem þeir eiga. Á meðan rannsókninni stóð var fæðingarorlof lengt úr 9 mánuðum í 12 mánuði og Reykjavíkurborg, stærsta sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu, setti á fót þróunarverkefni um inntöku ungbarna í tiltekna leikskóla borgarinnar (Reykjavík, 2020). Þessir þættir munu eflaust hafa áhrif á nauðsyn og eftirspurn eftir þjónustu dagforeldra þegar til lengri tíma er litið en þessar breytingar höfðu engin áhrif á þessa rannsókn.

4.1.1 Upplýsingar um starfsemi dagforeldra

Sú hefð hefur skapast að dagforeldrar auglýsa sína þjónustu sjálfir á lokuðum Facebook-síðum sem og á heimasíðum sveitarfélaganna, en sveitarfélögin eru umsjónaraðilar starfseminnar skv. 4. gr. reglugerðar um daggæslu barna. Engin ákvæði í reglugerðinni taka til þess hvernig starfsemin skal auglýst og kynnt fyrir foreldrum og þeim sem hana nýta. Upplýsingarnar sem fram koma á vef sveitarfélaganna um dagforeldra eru nafn, heimilisfang, vinnutími og hvort laust pláss sé hjá viðkomandi eða ekki. Hjá sumum þeirra er einnig hægt að sjá hvenær þessar upplýsingar voru síðast uppfærðar. Almennar upplýsingar um umsóknarferli, vistunargjald, niðurgreiðslu og annað slíkt er einnig að finna á vef sveitarfélaganna. Ítarlegri upplýsingar eru á ábyrgð dagforeldranna sjálfra en þeir eru sjálfstætt starfandi og haga til að mynda verðskrá og umsóknum eftir sínu höfði og hentisemi.

Við bara ákveðum okkar laun sjálfar og við megum ekki hafa samráð en við erum ekki í þessu til þess að skrimta. Þetta er dýr þjónusta en við verðum að getað lifað á þessu. Þetta er það krefjandi starf að ég er ekki tilbúin til annars. Sumum finnst það voða skrýtið, sko en hvað með foreldrana? En ég meina það hafa allir val, þú átt val hvort þú ferð að vinna og hefur laun eða að þú sért ekki á launum og ert heima með barnið þitt. (Dagforeldri, munnleg heimild, e.d.)

Þegar viðmælendur voru inntir svara við því hvort þörf væri á frekari upplýsingagjöf um dagforeldraþjónustuna voru þau ólík en öll á þá leið að úrbóta væri þörf. Foreldrarnir vildu sjá frekari upplýsingar um bakgrunn dagforeldranna, myndir, upplýsingar um aðstöðuna og jafnvel meðmæli. Dagforeldrarnir nefndu hinsvegar helst að sveitarfélögin ættu að upplýsa foreldra betur um hvernig dagforeldrakerfið virki, að það sé frábrugðið leikskólunum, en það sé oft misskilningur sem dagforeldrar þurfa að leiðrétta.

Reykjavíkurborg gaf út gátlista fyrir nokkru síðan fyrir foreldra með nokkrum atriðum sem gott er að hafa í huga við leit að dagforeldri. Þau eru í aðalatriðum eftirfarandi: 1) fá að koma í heimsókn 2) samtal og spurningar 3) aðbúnaður og aðstæður 4) leyfisbréf og greiðslur (Reykjavíkurborg, 2021). Ofangreind atriði eru þó þeim takmörkunum háð að oft og tíðum er ekki hægt að athuga með þau fyrr en eftir að vilyrði fyrir pláss er fengið. Dagforeldrar eru ekki opnir fyrir því að fá foreldra í heimsókn til sín allt árið um kring, áður en umsókn er gerð. Það er bæði tímafrekt og mikil truflun á starfseminni sem fylgir því. Líkt og dagforeldri bendir á:

Við höfum boðið í heimsókn til að skoða, þeim sem fá pláss og foreldrar fá svo fjóra til fimm daga til að ákveða sig. Þetta er verklagið hjá okkur, sumir vilja skrifa undir strax. Sumir segja bara nei takk á meðan aðrir vilja hugsa þetta aðeins. Bara eins og gengur og gerist. (Dagforeldri, munnleg heimild, e.d.)

Af þessum sökum renna foreldrar svolítið blint í sjóinn með sínar umsóknir og hugsanlega gera fleiri umsóknir en þeir hefðu annars gert ef frekari upplýsingar um starfsemi hvers og eins dagforeldris væru uppi á borðinu og sýnilegri út á við. Það myndi hugsanlega spara foreldrum og dagforeldrum mikinn tíma ef upplýsingarnar væru meiri og betri.

Foreldrar hafa tekið upplýsingamálin í sínar hendur á undanförunum mánuðum og stofnað Facebook-síðu undir yfirskriftinni „Dagmæðra tips“, þar sem foreldrar geta skipst á reynslusögum og meðmælum um dagforeldra. Hópurinn á að vera upplýsandi fyrir foreldra en ekki vettvangur til að skiptast á gróusögum og óstaðfestum sögusögnum um ákveðna dagforeldra og þar með svarta starfsstéttina.

4.1.2 Dreifing og fjöldi dagforeldra á höfuðborgarsvæðinu

Starfandi dagforeldrar á höfuðborgarsvæðinu eru ekki nægilega margir ef miðað er við fjölda barna hverju sinni á aldrinum 1-2 ára, en það sést fyrst og fremst á eftirspurninni og tölum frá Hagstofu Íslands. Dagforeldrum hefur fækkað jafnt og þétt síðustu ár og skýrir eitt dagforeldri frá mikilli fækkun á fjögurra ára fresti í kringum sveitarstjórnarkosningar.

Aðalmálið er að foreldrar fái pláss fyrir börnin sín á ungbarnaleikskólum og þessu er lofað á fjögurra ára fresti í kosningabaráttu. Já nú komast öll börnin inná ungbarnaleikskóla! Öll börn alveg bara og þetta gerir það að verkum að það kemur alltaf eitthvað svona uppnám hjá dagforeldrum og það eru mjög margir dagforeldrar sem hætta. (Dagforeldri, munnleg heimild, e.d.)

Dreifing dagforeldra er einnig ójöfn og því oft erfitt að fá dagforeldrapláss á þeim stað sem lagt var upp með í byrjun en ásóknin er oft meiri í dagforeldra miðsvæðis. Af þessum sökum er oft ekki úr mörgum plássum að velja þegar foreldrar eru í dagforeldraleit. Margir foreldrar sækjast eftir sama plássinu fyrir börnin og biðlistar eru langir, líkt og kom bersýnilega í ljós hjá einum viðmælenda: „Þetta var algjört basl frá upphafi. Við vorum stöðugt hringjandi í þá sem hentuðu okkur út frá staðsetningu heimilisins og vinnunnar. Alltaf að minna á okkur og setja okkur á langa biðlista“. (Foreldri, munnleg heimild, e.d.)

Samstaða er milli dagforeldra og reyna þeir eftir fremsta megni að bjóða ekki þeim foreldrum pláss sem þegar hafa fengið vilyrði hjá öðru dagforeldri. „Ef einhver er kominn með pláss annarsstaðar þá kveðjum við bara, við viljum aldrei taka barn frá öðru dagforeldri og sérstaklega ekki í úthverfunum“. (Dagforeldri, munnleg heimild, e.d.)

Þegar spurt er hvort bæta eigi í hóp dagforeldra og fjölga þeim er borin upp við viðmælendur, koma fram mörg svör. Einu foreldrinu fannst það óþarfi: „Ef þeim fjölga þá

minnkar pressan á borgina að fjölga leikskólaplássum“. (Foreldri, munnleg heimild, e.d.) Annað foreldri vildi hiklaust sjá fjölgun í starfstéttinni: „Já ég held að það sé nauðsynlegt ef við ætlum að fjölga í okkar samfélagi. Nema náttúrulega að leikskólarnir taki þetta yfir og það verði ekki lengur þessi brúunarpörf milli fæðingarorlofs og leikskólans“. (Foreldri, munnleg heimild, e.d.) Annað foreldri tók undir þessi orð en þó undir þeim formerkjum að gera það faglega. Það þurfi að fjölga dagforeldrum til lengri tíma en ekki að veita mönnum leyfi í stuttan tíma sem einhverja bráðabirgðalausn. Þá er stundum um að ræða fólk sem er að redda sér sjálft með sín börn og fer þar af leiðandi að starfa við þetta, sem hefur verið þekkt munstur á síðustu árum.

Það er þörf á því upp að vissu marki, en það þarf að vera rétt fjölgun, það er að segja mér finnst ekki rétt að fjölga dagforeldrum ef ekki á að gera það vel, gefa hverjum sem er leyfi til að starfa við þetta og í stuttan tíma í einu. Viðkomandi þarf að vilja það og ætla sér að starfa við þetta af heilindum í einhvern tíma, þetta er bara þannig starfsemi. Hún er viðkvæm og ekki fyrir hvern sem er. (Foreldri, munnleg heimild, e.d.)

Svör dagforeldra voru misjöfn eftir staðsetningu þeirra. Þeir sem störfuðu í úthverfunum voru ekki á því að fjölga þyrfti dagforeldrum, eitthvað væri um laus pláss í hverfunum. Þeir sem störfuðu hinsvegar miðsvæðis voru frekar á því að fjölga þyrfti í hópnum. Þar væri eftirspurnin meiri en framboðið.

4.1.3 Biðlistar

Dagforeldrar halda utan um sína biðlista sjálfir. Niðurröðun og utanumhald á þeim er eins misjafnt og þeir eru margir, líkt og sýndi sig í viðtölunum við dagforeldrana. Einn viðmælandinn var með stílabók þar sem hann skrifaði nöfnin niður í hana eins og þau bárust. Undantekning var þó á því ef systkini var í vistun eða hafði nýlega verið í vistun hjá viðkomandi dagforeldri. Þá færðist það barn ofar á listann og fékk vilyrði fyrir plássí fyrir en aðrir.

Svo eru reyndar systkini sem ganga fyrir hjá okkur. Það er þægilegt fyrir okkur, við þekkjum þá til foreldranna og svona. Við vorum t.d. að kveðja eitt barnið núna og mamman er ófrísk aftur og hún er bara búin að tryggja sér pláss hjá okkur næsta vetur þegar nýja barnið þarf vistun. Hún á plássíð. (Dagforeldri, munnleg heimild, e.d.)

Annað dagforeldri fékk allar umsóknir rafrænar í gegnum tölvupóst og hélt utan um biðlista þar, hann vildi þó að foreldrar héldu honum lifandi og minntu á sig reglulega. Sá þriðji var með biðlistakerfi þar sem umsóknir bárust rafrænt og í gegnum síma og biðlaði því til foreldra að minna reglulega á sig og komast þannig ofar á listann og frekar niður á blað. Þannig væru meiri líkur á pláss. Fjórða dagforeldri tók ekki niður nöfn á biðlista með of löngum fyrirvara. Viðkomandi vill ekki skrifa barn á lista sem ætlar að koma einhvern tímann á næsta ári: „Ég bið þá viðkomandi aftur um að hringja eftir áramót. Það er óþarfi að fara að skrifa fullt af fólki niður á lista þar sem barnið er ekki fætt og þú veist ekki einu sinni nákvæmlega hvar þau búa eftir ár.“ (Dagforeldri, munnleg heimild, e.d.)

Þessi mikla samkeppni og löngu biðlistar eru mörgum foreldrum erfiðir. Í byrjun janúar 2021 voru til að mynda 737 börn 12 mánaða og eldri á biðlista eftir leikskólaplássi í Reykjavík einni. Af þessum börnum voru 200 börn eldri en 18 mánaða. „Í nóvember síðastliðnum samþykkti borgarstjórn að verja tíu milljörðum króna á næstu þremur árum í að nútímavæða þjónustu borgarinnar, verður stefnt að því að staða biðlista verði gerð aðgengilegri“. (Ari Brynjólfsson, 2021). Með þessu er hægt að minnka álag á foreldra sem rekja má til óvissunnar um stöðu á biðlista og gera allt umsóknarferlið gegnsærra.

Biðlistar dagforeldra eru hinsvegar hvergi opinberir né sýnilegir og því mikil óvissa um endanlegt pláss sem getur varað í langan tíma, stöðug símtöl og mikil tölvupóstsamskipti eiga það til að valda miklu álagi líkt og foreldri bendir hér á:

Hjá dagforeldri þá þarftu að hafa svolítið mikið fyrir þessu. Þú þarft að hringja sjálfur og þú þarft að minna stöðugt á þig, bara svo að þú dettir ekki úr lestinni og haldir plássinu og svo er það líka það að dagforeldrar geta bara svolítið ráðið þessu. Það getur allt í einu einhver frænka hringt í hana og þá er ég allt í einu bara dottin út og búin að missa plássið í röðinni. Mér finnst það óþægileg tilhugsun. Sumir hafa verið komnir með pláss og búnir að ráðstafa sér í vinnu og svo bara heyrðu því miður ég get ekki boðið þér plássið og það kannski mánuði fyrr. (Dagforeldri, munnleg heimild, e.d.)

Eitt foreldrið kallar eftir breytingum í biðlistakerfi dagforeldra líkt og lofað hefur verið fyrir leikskólana. Það kallar eftir umsóknarferli svipuðu og því sem finnst hjá leikskólum borgarinnar þar sem hægt væri að sjá svart á hvítu hvar barnið er staðsett á biðlista og hjá hverjum. Foreldrar skilja þó einnig þann ríka rétt dagforeldra að velja úr þau börn af biðlistum sem vilji er fyrir að veita dvalarpláss. Þetta eru sjálfstætt starfandi aðilar sem bjóða í flestum tilfellum upp á þessa þjónustu inni á sínu eigin heimili og það eru ekki öll börn sem dagforeldrarnir treysta sér til eða vilja taka að sér. Dæmi um slíkt eru til dæmis ónæmisbæld börn eða börn með þarfir sem krefjast meiri umönnunar. Dagforeldrar hafa ekki þær bjargir sem þarf til að sinna þessum hópi barna líkt og leikskólarnir. Foreldrar sem lenda í þeirri stöðu að fá hvergi pláss fyrir barnið sitt þurfa þá á einhverskonar stuðningi eða úrræði á að halda, ef þeir vilja eiga möguleika á því að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Eitt foreldrið segir: „Hvers eiga foreldrarnir að gjalda? Sveitarfélögin verða að vera með eitthvað plan fyrir þá foreldra sem hafa gert allt sem hægt er til að koma barninu sínu inn og tekst það ekki“.

(Foreldri, munnleg heimild, e.d.)

Allir foreldrarnir voru sammála um að sveitarfélögin þurfi að vera með eitthvað plan B fyrir þá foreldra sem eru sviknir um pláss. Þetta sé ákveðin grunnþjónusta sem öll börn þurfa að eiga rétt á og ekki einkamál eða einungis vandamálforeldranna. Dæmi eru um að foreldrar fái undanþágu hjá fæðingarorlofssjóði og framlengingu á orlofi vegna veikinda barna eða annarra þátta en ekki eru öll börn sem falla undir það úrræði (Vinnumálastofnun, 2021).

Þegar sveitarfélagsfulltrúar voru spurðir út í þá hugmynd að veita foreldrum aðstoð sem lenda í erfiðleikum með að koma börnum sínum fyrir í daggæslu, til dæmis í formi styrkja var lítill áhugi á því:

Nei ég vil meina að fólk í dag hafi það alveg ótrúlega gott sko! Þú getur verið með barn í skóla og leikskóla eða dagforeldri í heilan dag með fæði og öllu og þú ert að borga fyrir það t.d. 40 þúsund á mánuði. Sem dæmi að þá erum við með svokallaða viðmiðunargjaldskrá sveitarfélögin, ef við erum að rukka á milli sveitarfélaga. Þannig að ef ég er kannski með barn í einu sveitarfélagi sem er með lögheimili í öðru sveitarfélagi, en lögheimils sveitarfélagið getur ekki boðið því strax dvöl svo að ég hef barnið, þá kostar lítið barn tæplega 400 þúsund á mánuði. Þannig við svona styrkjatal og niðurgreiðslur ætti stundum aðeins að endurskoða hversu mikið við erum að gera fyrir barnið og barnafjölskyldur með nánast gjaldfrjálsum leikskóla og dagforeldrarnir

eru ekki að taka hátt verð. Þannig að við höfum ekki verið með neina slíka styrki og það er ekki í farvatninu. (Fulltrúi sveitarfélags, munnleg heimild, e.d.)

4.1.4 Aðstæður dagforeldra

Vinnuaðstæður dagforeldra eru einnig ólíkar þó allir uppfylli skilyrði 6. liðs 13 gr. reglugerðar um daggæslu. Hvergi er hægt að nálgast myndir eða upplýsingar um dvalaraðstöðu annarsstaðar en í gegnum dagforeldrana sjálfa. Venjan er sú að ekki sé hægt að fá að skoða aðstöðuna nema eftir að boð um pláss hefur borist foreldrum, en skv. 24 gr. reglugerðar um daggæslu er það skylda foreldra við upphaf daggæslu að kynna sér aðstæður hjá dagforeldrinu og hvernig daggæslunni skuli háttað.

Algengast er að dagforeldrar starfi í heimahúsi, hvort þá heldur sínu eigin húsnæði eða leiguhúsnæði sem einungis er nýtt undir starfsemi. Einnig er að finna nokkra starfandi dagforeldra á gömlum gæslu- og róluvöllum í eigu viðkomandi sveitarfélags. Dagforeldrið leigir slíka aðstöðu af sveitarfélaginu fyrir ákveðna upphæð sem ákvarðast í upphafi leigutíma. Slíkir róluvellir fara í einskona útboð þegar þeir losna eða þegar samningstíma fyrri leigjenda lýkur og hæstbjóðandi útboðsins fær aðstöðuna leigða. Leiga á slíku húsnæði veltist út í verðlagið til foreldra líkt og eitt dagforeldrið skýrir frá: „Við erum að leigja hér með hita og rafmagni á tæplega 150 þúsund á mánuði. Þetta veltir náttúrulega út í dagforeldrakerfið og verðlagið hjá okkur af því við verðum náttúrulega að reka þetta. Þarna er verið að gera kerfið svolítið dýrara fyrir foreldrana“. (Dagforeldri, munnleg heimild, e.d.) Því má ætla að dagforeldrar sem leiga húsnæði undir sína starfsemi séu með hærri verðskrá en aðrir. Eitt foreldrið lýsir aðstæðum hjá dagforeldrum á eftirfarandi hátt:

Hjá fyrra dagforeldrinu voru þær tvær saman með 10 börn og þetta var svona hálfgerður róluvöllur, gamall gæsluvöllur og þær voru með rísa útisvæði en lítið innisvæði. Seinna dagforeldrið var bara í íbúð í heimahúsi í blokk, fín og stór stofa og þar eru börnin bara allan daginn en hún er dugleg að fara út með þau í garð þar sem er leikaðstaða. Hún er ein með 5 börn. (Foreldri, munnleg heimild, e.d.)

4.1.5 Gjaldskrá dagforeldra

Líkt og áður hefur komið fram ákvarðast dvalargjaldið af dagforeldrunum sjálfum því þeir eru sjálfstætt starfandi og þeim er ekki heimilt að vera með verðsamráð. Gjaldskrá er því frjáls og hvert dagforeldri setur fram sína gjaldskrá. Einhver sveitarfélög á landinu hafa gengið svo langt að hafa ákveðið hámark eða þak á gjaldi sem dagforeldrar mega taka fyrir þjónustuna t.d. Akureyrarbær.

Þeir foreldrar sem rætt var við í þessu verkefni voru að reiða fram allt frá bilinu 25.000 kr.– 95.000 kr. á mánuði í dvalargjald fyrir börnin sín, allt eftir því í hvaða sveitarfélagi foreldrarnir bjuggu og hver gjaldskrá dagforeldrisins var. Matur er oftast nær það eina sem er innifalið í dvalargjaldinu. Algengast er að foreldrarnir útvegi bleiur, aukaföt, vagn og allar aðrar nauðsynjar á meðan dvalartíma stendur. Þegar foreldrar voru spurðir út í það hvort dvalargjaldið væri í samræmi við þjónustuna fannst einu foreldri til að mynda „ansi blóðugt að borga einn þriðja af útborguðum launum í gæslu fyrir barnið sitt til þess að geta mætt í vinnu.“ (Foreldri, munnleg heimild, e.d.) Foreldrar virðast vera mjög meðvitaðir um þennan mikla verðmun sveitarfélaganna og finnst þeim stillt upp við vegg vegna hans.

Maður veit ekki alveg hvað er sanngjarnt að borga og hvað ekki. Ég hef heyrt að það lægsta sem maður er að borga t.d. hjá Reykjavíkurborg sé 70.000 kr. og hæsta 95.000 kr. Svo hef ég heyrt að fólk í Kópavoginum er að borga 50.000. Mér finnst þetta svolítið skrytið og í rauninni bara mjög skrytið og að maður geti bara ekkert um þetta sagt! Maður þarf bara að taka því sem að maður fær! Maður er ekki í aðstöðu til neins annars. (Foreldri, munnleg heimild, e.d.)

Lengi hefur verið talað um mismunun milli foreldra vegna þessa mikla verðmunar milli sveitarfélaga. „Þessi málaflokkur sé of pólitískur, þetta sé ekki vettvangur fyrir slíkt því þetta bitnar bara á börnunum“. (Foreldri, munnleg heimild, e.d.) Aðeins eitt foreldri sem rætt var við var ánægt með þá upphæð sem það greiddi fyrir þjónustuna. Það foreldri greiddi ekki meira fyrir þjónustu dagforeldrisins heldur en það sem nemur leikskólagjaldi hjá sveitarfélaginu.

4.2 Þjónusta sveitarfélaga

Þjónusta sveitarfélaganna í málaflokki dagforeldra skiptir miklu máli. Félagsmálaráðherra fer með yfirumsjón mála skv. reglugerð um daggæslu. Sveitarfélögin bera hins vegar ábyrgð á umsjón, eftirliti og leyfisveitingum, skv. sömu reglugerð. Foreldrar bera mikið traust til sveitarfélaga varðandi málefni dagforeldra og að kerfið gangihnökralaust fyrir sig.

4.2.1 Niðurgreiðsla

Sveitarfélögin kjósa mörg hver að greiða niður daggæslu hjá dagforeldrum, sú niðurgreiðsla er mishá skv. 42 gr. reglugerðar um daggæslu, en sveitarfélögum ber ekki skylda til þess. Niðurgreiðslan ræðst af hjúskapar- og námsstöðu foreldra og byrja sveitarfélögin að niðurgreiða við 6 mánaða aldur hjá einstæðum foreldrum og foreldrum sem eru í námi, annars er viðmiðið að niðurgreiðsla hefjist í fyrsta lagi við 9 mánaða aldur. Niðurgreiðslan er valkvæð og upphæð hennar fer eftir því hvað sveitar- eða borgarstjórn ákveður hverju sinni. Þetta hefur lengi verið gagnrýnt til að mynda af umboðsmanni barna.

Umboðsmanni þykir miður að búseta skuli hafa svo mikil áhrif á lífsgæði barna á Íslandi og vonast til þess að gerður verði samanburður á aðbúnaði og þjónustu við börn og brugðist við, til að rétta hlut þeirra barna sem hafa ekki sömu tækifæri og önnur vegna búsetu. (Umboðsmaður barna, 2017)

Niðurgreiðslan er alveg óháð verðlagi og gjaldskrá dagforeldranna. Niðurgreiðslan er í eðli sínu eyrnamerkt börnunum líkt og er með barnabætur hjá ríkinu. Þrátt fyrir það er hún greidd beint til dagforeldra en ekki til foreldra. Niðurgreiðslan hækkar örlítið um hver áramóti í samræmi við vísitölu og á nokkurra ára fresti er hún endurskoðuð. Nú síðast þegar það var gert hjá einu ónefndu sveitarfélaginu, hækkaði hún um u.þ.b. 10.000 kr.

Hún hækkar alltaf þínu um áramótin og þeir láta mann ekkert vita af því fyrir fram, eitthvað tengt vísitölu, 2000 kr.–3000 kr. sirka. Hún var hækkuð um einhverjar 10 þúsund krónur eitt árið, en það sem gerðist þá var að þessar eldri þær bara sögðu að þær hefðu ekki hækkað gjaldið hjá sér í svo mörg ár að þær hækkuðu allar og tóku þetta bara allt til sín. (Dagforeldri, munnleg heimild, e.d.)

Á meðfylgjandi töflu má sjá niðurgreiðslu sveitarfélaga til foreldra í sambúð fyrir átta klukkustunda gæslu á dag í byrjun árs 2021. Eftirfarandi tölur eru fengnar hjá dagforeldri og staðfestar á heimasíðu nokkurra sveitarfélaganna.

Tafla 1. Niðurgreiðsla sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu árið 2021

Niðurgreiðsla sveitarfélaga til foreldra í sambúð fyrir 8 klst gæslu á dag				
Sveitarfélag	9 mánaða	10 mánaða	14 mánaða	15 mánaða
Reykjavíkurborg	66.472 kr.			
Kópavogsbær	77.952 kr.			92.032 kr.
Hafnarfjarðarbær	65.816 kr.			91.968 kr.
Mosfellsbær	90.680 kr.		109.998 kr.	
Seltjarnarnesbær	66.000 kr. + 35.000 kr. viðbótarstyrkur beint til foreldra			
Garðabær		85.838 kr.		

(Heimild: Tölulegar upplýsingar fengnar á heimasíðum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Facebook-hópi dagforeldra)

Eins og sjá má er mikill krónumunur á niðurgreiðslunni milli sveitarfélaganna. Enginn af viðmælendum gat útskýrt þennan mikla mun eða lagt mat sitt á það hvers vegna hann er svona mikill. Niðurgreiðslan fer eftir skráðu lögheimili barns og fylgir barninu óháð því hvar dagforeldrið er staðsett. Foreldrar sem og dagforeldrar hafa kallað eftir því að niðurgreiðslan verði sú sama fyrir öll börn óháð búsetu en hlutur foreldra sé alltof hár hjá sumum sveitarfélögum.

Hlutur foreldra er alltof hár. Það er allt í lagi að sveitarfélögin borgi það sama og til leikskólanna, 160-180 þúsund með hverju barni. Það er svo skrítið að sum sveitarfélög geti borgað svona með börnunum til dagforeldra en ekki stóru sveitarfélögin. Þú sérð það ef að þau væru að borga 160-180 þúsund með hverju barni til dagforeldra þá væru foreldrar ekki að borga neitt hjá okkur. Núna er hvert pláss hjá dagforeldri að kosta svona 120-140 þúsund. (Dagforeldri, munnleg heimild, e.d.)

Foreldrar höfðu orð á því að þessi þjónusta væri ekki á færi allra því ekki hefðu allir efni á því að borga svo háar upphæðir í daggæslu í hverjum mánuði: „Þjónustan er orðin eins og einhverskonar munaðarþjónusta fyrir ákveðinn hóp útvalda. Það er ekki á færi allra að borga tugi þúsunda í daggæslu fyrir börnin sín“. (Foreldri, munnleg heimild, e.d.) Það er ákall

foreldra til hins opinbera að yfirvaldið setji eitthvert þak á gjaldtöku dagforeldra til þess að láta sem flesta sitja við sama borð. Ákveðin sveitarfélög græða hreinlega á því að hafa sem flest börn hjá dagforeldri eins lengi og kostur er, vegna þess hve miklu munar á niðurgreiðslunni til dagforeldra og svo hins vegar til leikskólanna, með hverju barni.

4.2.2 Samskipti sveitarfélaganna við foreldra og dagforeldra

Samskipti sveitarfélaga við foreldra hafa alla jafna verið góð. Helstu samskiptin eru í formi ábendinga og kvartana frá foreldrum um dagforeldra, sem og útgáfu fræðslu og kynningarefnis á starfsemi og regluverki hennar. Sveitarfélögin gera einnig reglulegar þjónustu- og viðhorfskannanir á starfsemi dagforeldra sem beint er að foreldrum sem nýta þjónustuna. Dagforeldrar eru eins og áður sagði sjálfstætt starfandi og því eru bein samskipti foreldra við sveitarfélögin ekki svo mikil. Viðmælendurnir í röðum foreldra höfðu ekki haft nein bein samskipti við sveitarfélögin um þjónustuna á öðrum nótum en þeim að taka þátt í viðhorfskönnun á þeirra vegum.

Samskipti sveitarfélaga við dagforeldra hins vegar eru mun meiri og ítarlegri. Starfsleyfi dagforeldra fara í gegnum sveitarfélögin, sveitarfélögin halda námskeið fyrir dagforeldra og standa að endurmenntun og starfsþjálfun þessa hóps allt í samræmi við reglugerð um daggæslu. Allir þjónustusamningar eru í höndum sveitarfélaga, niðurgreiðslur sem og umsjón og eftirlit með starfseminni líkt og kom fram hér að ofan. Hjá sumum sveitarfélögum þurfa dagforeldrar að standa skil á mánaðarlegri skráningu á upplýsingum um börn sem dvelja hjá þeim hverju sinni með staðfestingu foreldra og senda til sveitarfélagsins (Þjónustu- og rekstrarsvið Reykjavíkurborgar, 2006). Dagforeldrarnir kvarta margir yfir þessari miklu skrifinnsku og kalla eftir því að þessi hluti kerfisins verði rafrænn fyrir alla dagforeldra eins fljótt og auðið er.

Við höfum hvatt til þess að þetta verði rafrænt, við þurfum að skila inn alveg gríðarlegu magni af pappírnum um hver mánaðarmót. Allir þessir samningar, þetta er endalaus pappír og við getum ekki afskráð barn nema foreldri kvitti undir. Ég skilaði inn afsögn en það var ekki undirskrift foreldra og þá kom upp vesen að reyna að finna foreldrana til þess að skrifa undir. Þetta á náttúrulega bara að vera allt rafrænt. Ég á bara að geta skráð barnið hjá mér og foreldrið samþykkir það og ég skrái það út þegar það hættir og foreldrarnir samþykkja það. (Dagforeldri, munnleg heimild, e.d.)

Eyðublöðin þurfa einnig að berast á opnunartíma skrifstofu viðkomandi sveitarfélaga sem er oftast en ekki búin að loka þegar vinnutíma margra dagforeldra líkur. Eyðublaðið er svo einungis hægt að nálgast á viðkomandi skrifstofu og er hver samningur í þríriti.

Við þurfum að skila inn pappírnum til sveitarfélagsins á opnunartíma og ég er að hugsa um 5 börn ég fer ekkert með þau með mér hérna einn daginn. Það er búið að loka þegar ég er búinn í vinnunni. Stundum er þetta líka bara ó nei! umsóknirnar eru búnar og þá verð ég bara að gjöra svo vel og ná í fleiri. Ég ætlaði að reyna að fá þær sendar um daginn og það kom aldrei. Núna vorum við t.d. að skila inn 10 nýjum samningum og 10 nýjum uppsögnum og þetta eru allt pappírar í þríriti, þetta er svolítið mikið. (Dagforeldri, munnleg heimild, e.d.)

Það er mjög mismunandi eftir sveitarfélögum hversu mikil ánægja er meðalstarfandi dagforeldra með samband sitt við sveitarfélögin, er varða samskipti og þjónustu á milli aðila. Dagforeldrar hafa orð á því að sveitarfélögin séu ekki nægilega góð í að miðla málum á milli dagforeldra og foreldra þegar upp koma vafamál. Dagforeldrar þurfa oft að láta í minni pokann fyrir foreldrum þegar upp koma „kerfisvandamál“. Dæmi um slíkt er til dæmis þegar einstætt foreldri hefur verið með barnið sitt hjá dagforeldri í nokkra mánuði, fær pláss inni á leikskóla, kaupir sér íbúð og skráir sig í sambúð 3-4 mánuði aftur í tímann. Þá er það dagforeldrið sem þarf að endurgreiða sveitarfélaginu mismuninn á niðurgreiðslunni sem viðkomandi fékk meðan á dvöl barnsins stóð.

Einnig eru til dæmi um „kerfisvandamál“ þar sem foreldrum er stillt upp við vegg og látnir leysa úr vandamálum sjálfir. Dæmi um slíkt er til dæmis þegar foreldri ákveður að skipta um dagforeldri. Nýja dagforeldrið ætlar að ganga frá samningnum og skila inn pappírnum þegar kemur í ljós að uppsögnin frá fyrra dagforeldrinu tekur ekki gildi fyrr en mánuði síðar en samið var um. Þarna þurftu foreldrarnir að greiða tvöfalt vistunargjald í einn mánuð; annarsvegar hjá fyrra dagforeldrinu sem einnig fékk niðurgreiðsluna frá sveitarfélaginu þrátt fyrir að barnið væri ekki lengur í vistun hjá viðkomandi dagforeldri og hins vegar hjá nýja dagforeldrinu þar sem foreldrarnir borguðu upphæð líkt og um niðurgreiðslu væri að ræða. Foreldrarnir þurftu svo að standa í stappi við fyrra dagforeldrið um endurgreiðslu og dagforeldrið að berjast fyrir því að niðurgreiðslan færi á réttan stað. Dagforeldrarnir benda á

að sveitarfélögin hafi vald til að stýra fjármagninu og miðla málum ef verið er að brjóta reglur en oftast en ekki endar þetta með því að einhver bíður lægri hlut frá borði og hefur ekki orku í að taka slaginn, því hjálpin frá sveitarfélaginu til að útkljá slík mál er lítil sem engin.

Sveitarfélagið átti að greiða réttu dagforeldri niðurgreiðsluna en þau þurftu bara að borga tvöfalt í eitt skipti og rukka svo dagforeldri sem átti ekki rétt á því aftur um það. Þau voru að brjóta þarna á. Þetta lendir alltaf á því dagforeldri sem er veikara og nennir ekki að taka slaginn. Þetta er alltaf þessi kerfisbarátta. Hún lét sveitarfélagið bara borga sinn hlut og hún tók á sig launaskerðinguna. (Dagforeldri, munnleg heimild, e.d.)

Starfsöryggi dagforeldra eru settar skorður þrátt fyrir að eftirspurnin sé mikil eftir pláss. Dagforeldrar fá lítinn fyrirvara þegar barn segir upp pláss, það er einungis mánaðaruppsagnarfrestur og gildir það í báðar áttir. Leikskólarnir taka börnin inn með stuttum fyrirvara og dagforeldrar hafa lítinn tíma til að fylla upp í pláss, annars eru þeir í hættu á tekjumissi. Sumir dagforeldrar eiga ekki í neinum vandræðum með það á meðan aðrir þurfa tíma og eru ekki í stöðu til að taka inn nýtt barn um leið.

Segjum það að ég sé að taka inn barn í ágúst og svo fær það óvænt boð um pláss í leikskóla í september/október og við höfum svolítið reynt að ræða við sveitarfélagið að það sé einhver trygging tekin ef að þau fara inn á leikskóla að við getum allveganna fengið þá eitthvað smá svona út úr því, eitthvað borgað með, að það sé ekki bara skipt og skrúfað fyrir með engum fyrirvara. (Dagforeldri, munnleg heimild, e.d.)

Í þjónustusamningum einhverra sveitarfélaga er að finna ákvæði sem tekur á þessu vandamáli t.d. hjá Kópavogsbæ:

Ef barn hættir hjá dagforeldri í lok maí og fer í leikskóla bæjarins í byrjun júní, fær dagforeldri framlag fyrir júnímánuð ef ekki vistast barn í staðinn. Það er skilyrði fyrir framlagi að barnið hafi verið í dvöl hjá dagforeldri frá 1. janúar sama ár. Þetta ákvæði á eingöngu við um dagforeldra sem eru starfandi í Kópavogi (Kópavogsbær, 2016).

Það myndi eflaust trekkja að og leysa ýmislegt hjá mörgum dagforeldrum ef sambærilegt ákvæði væri til staðar hjá öllum sveitarfélögum en dagforeldrar eru sjálfstætt starfandi

einstaklingar. Líkt og verktakar og aðrir í eigin rekstri þurfa þeir því að borga sér laun og greiða önnur launatengd gjöld svo sem tryggingagjald, skatta, lífeyrissjóð o.s.frv. Innkoman er oft og tíðum óregluleg og kemur í hæðum og lægðum. Orðspor dagforeldra skiptir gríðarlega miklu máli í þessu samhengi og staðsetning þeirra. Það kemur ekki af sjálfu sér heldur með elju og vinnusemi. Dagforeldrar hafa óskað eftir því við sveitarfélögin að veittur verði einhverskonar aðstöðustyrkur eða viðbótar niðurgreiðsla til að hjálpa þeim dagforeldrum sem ekki hafa náð að fylla í plássin sín, ekki bara í kringum sumarmánuðina, til að standa undir starfseminni.

Flest sveitarfélögin koma til móts við nýja dagforeldra og veita þeim stofnsstyrk til leikfanga- og stundum fatakaupa að upphæð u.þ.b. 300.000 kr. Auk þess niðurgreiða einhver sveitarfélög námskeiðsgjöld fyrir dagforeldra. Er þetta einn liður í því að gera starfið meira aðlaðandi fyrir einstaklinga og fjölga þannig dagforeldrum.

4.2.3 Umsjón og eftirlit

Líkt og áður hefur komið fram bera sveitarfélögin ábyrgð á umsjón og eftirliti með starfsemi dagforeldra skv. 4. gr. reglugerðar um daggæslu. Margir foreldrar eru illa upplýstir um lagaumgjörð dagforeldra og eru ekki meðvitaðir um umsjónaraðila og það eftirlit sem þeim ber að sinna líkt og kom í ljós hjá viðmælendum:

Ég veit ekki hvernig eftirlitinu er nákvæmlega háttað en ég geri bara ráð fyrir því að það sé gott og mig langar að treysta því að þeir fylgist líka vel með hvorum öðrum og eins að foreldrar séu vel vakandi. Maður setur þetta traust á sveitarfélögin að þessi mál séu í lagi. (Foreldri, munnleg heimild, e.d.)

Dagforeldrar lýsa áhyggjum af stöðu mála í eftirliti og störfum umsjónaraðila sveitarfélaganna. Umsjónaraðili er skipaður hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig en í hverju pósthúsi fyrir sig hjá Reykjavíkurborg. Samkvæmt viðmælendum vinna þeir mislanga vinnudaga og eru með mismikla viðveru. Þetta er bagalegt fyrir suma dagforeldra sem eiga að finna stuðning í umsjónaraðilanum og geta leitað til hans þegar á þarf að halda. Dagforeldrum finnst þeir illa studdir og mæta afgangi í málefnum sveitarfélaganna:

Umsjónaraðilinn fær að vinna bara hálfan daginn á fullum launum, er ekki á mánudögum og ekki á föstudögum. Hina dagana vinnur viðkomandi held ég bara til 14:00 og við eigum að ná í hana ef að það er eitthvað. Ef að það er eitthvað t.d. á mánudegi þá bara nei æj. Umsjónaraðilinn er ekki að vinna nema þessa þrjá daga. Þetta er það viðmót sem þeir sýna okkur dagforeldrum alltaf. Þið eruð bara dagforeldrar þið skiptið ekki máli. (Dagforeldri, munnleg heimild, e.d.)

Þetta fyrirkomulag myndar ákveðna togstreitu milli aðila sem á endanum bitnar á þjónustunni og samvinnu milli aðila sem heyra undir sama kerfið, dagforeldrakerfið.

Einn sveitarfélagsfulltrúinn segir: „eftirlitið fer fyrst og fremst fram þegar viðkomandi sækir um. Þá þarf að taka úttekt á húsnæðinu“. (Fulltrúi sveitarfélags, munnleg heimild, e.d.) Síðan eru þessar reglubundnu heimsóknir til að taka út starfsemina þess á milli skv. reglugerðinni um daggæslu. Þar er farið yfir ákveðna þætti sem dagforeldrum ber að starfa eftir.

Við höfum öðru hvoru einnig gert kannanir meðal foreldra og þá höfum við komið þeim líka á framfæri og sá aðili sem að tekur þetta út er bara aðili sem við kaupum til verksins, verktaki sem er fenginn í verkið, t.d. leikskólakennari og þekkir mjög vel starfshætti með börnum á þessum aldri. (Fulltrúi sveitarfélags, munnleg heimild, e.d.)

Einnig eru dagforeldrar boðaðir allir saman til fundar tvisvar á ári hjá viðkomandi sveitarfélagi þar sem þeir tala um starfsemina sína. Þá er jafnframt skoðað hvað sveitarfélagið getur gert fyrir dagforeldra, hvernig hægt sé að styrkja og styðja við þá.

4.2.4 Öryggismál

Dagforeldrar þurfa að standa skil á úttekt frá heilbrigðiseftirlitinu ef þeir starfa tveir eða fleiri saman. Eldvarnarmál skulu einnig vera í lagi og í samræmi við reglugerð um eldvarnir. Fulltrúi frá Slysahúsinu eða annar sambærilegur vottaður aðili á vegum sveitarfélagsins tekur út húsnæðið áður en starfsleyfi er gefið út. Dagforeldrum ber skylda til þess að gæta að öryggi barnanna í hvívetna, hafa sjúkrakassa, eldvarnarbúnað, barnalæsingar og beisli á stólum og barnavögnum. Hættuleg efni eiga hvergi að vera sýnileg og skulu geymd í læstum skáp. Börnin eiga aldrei vera skilin eftir eftirlitslaus, sbr. 29. gr. reglugerðar um daggæslu. Allir dagforeldrar sækja skyndihjálpar- og eldvarnarnámskeið og fá reglulega endurmenntun á því sviði. Dagforeldri greinir frá því að einhverjir vankantar hafa verið á þessu síðustu ár: „Ég veit

um einn sem ég þekki t.d. sem var á námskeiði fyrir örugglega tveimur árum síðan og þar var fullt af útlendingum sem skildu ekki íslensku og voru að sækja námskeiðið sem fór fram á íslensku. Þetta á ekki að eiga sér stað!“. (Dagforeldri, munnleg heimild, e.d.)

Öryggismál dagforeldra hafa einmitt skotið upp kollinum af og til í umræðunni um dagforeldrakerfið. Foreldrum finnst mörgum hverjum óþægilegt að skilja barnið sitt eftir hjá dagforeldri sem starfar eitt vegna þess að þau vita aldrei hvað getur gerst hjá viðkomandi, það eru fá bjargráð og erfitt að fylgjast með, en betur sjá augu en auga í öllum aðstæðum. Slysín gera ekki boð á undan sér og því er mikilvægt að hafa vaðið fyrir neðan sig og gera allt sem hægt er að gera til að koma í veg fyrir að eitthvað alvarlegt geti komið upp. Verið er að taka á þessum málum hjá mörgum sveitarfélögum og auka öryggi. Einn liður í því er að innleiða til að mynda öryggishnappakerfi hjá þeim dagforeldrum sem að starfa einir. Það virkar einfaldlega þannig að dagforeldrarnir fá öryggishnapp sem þeir geta ýtt á ef að það skapast hættuástand og þeir þurfa aðstoð. Þá sendir hnappurinn boð á eitthvað ákveðið öryggisfyrirtæki eða annan neyðaraðila sem svo aðstoðar í framhaldi. Ekki eru allir dagforeldrar sáttir við þá ákvörðun og segja þetta veita falskt öryggi. Erfitt sé fyrir dagforeldri sem er alltaf með barn uppi á arminum að vera með öryggishnapp fastan við sig allan daginn. Hann sé aldrei látinn í friði og auðvelt fyrir börnin að ýta óvart á hann. Það leiði til þess að margir geymi hnappinn uppi á hillu og þá þjóni hann ekki tilgangi sínum.

Sumir foreldrar vilja ganga lengra í öryggismálum og skylda dagforeldra til þess að starfa tveir eða fleiri saman til að auka öryggi, erfitt sé þó að setja þá kröfu. Húsnæði þurfi til að mynda að vera stærra og umfangið meira. Einn viðmælandi skýrði frá því þegar hann skoðaði pláss hjá einu dagforeldri sem var með aðstöðu uppi á fjórðu hæð. Viðkomandi starfaði einn og hafði ekki tók á því að ganga upp og niður stiga með 5 börn til að fara með í útiveru. Börnin færu aldrei út. Viðkomandi foreldri spurði sig þeirrar spurningar hvernig dagforeldrið myndi bregðast við ef að eitthvað kæmi uppá og það þyrfti að snara öllum börnunum út í flýti. Það væri óþægileg tilhugsun að viðkomandi kæmist hugsanlega ekki út með börnin og óvíst hvernig hann myndi bregðast við í ákveðnum aðstæðum sem kynnu að koma upp. Það myndi auka öryggið til muna ef viðkomandi starfaði með öðrum eða að minnsta kosti hafa einhver

bjargráð til að grípa í við krefjandi aðstæður, nágretta eða eitthvað slíkt en fyrst og fremst öryggishnapp.

4.2.5 Kvartanir og upplýsingagjöf

Kvartanir um dagforeldri og aðrar ábendingar fara allar í gegnum sveitarfélögin. Þær berast til umsjónaraðila frá foreldri þar sem dagforeldri er nafngreint og er það svo í höndum umsjónaraðila sveitarfélagsins að fara á staðinn, kanna aðstæður hjá dagforeldri og fylgja málinu eftir. Áframhaldandi aðgerðir fara eftir alvarleika málsins. Samkvæmt fulltrúa eins sveitarfélagsins er kvörtunum skipt upp í þrjá flokka eftir alvarleika þeirra:

1. Almennar kvartanir, þar sem hægt er að leysa málin með ráðgjöf við dagforeldri og barn er ekki í hættu statt. Dæmi um slíkt eru til dæmis óhreinindi á heimili dagforeldris, dagforeldri er mikið frá vegna veikinda og þegar dagforeldri gefur ekki afslátt af dvalargjaldi vegna frídaga eða lengri veikinda.
2. Alvarlegri kvartanir, þar sem barn er í hættu statt. Dæmi um slíkt er til dæmis þegar of mörg börn eru samtímis í gæslunni og þegar aðbúnaður er lélegur.
3. Brot gegn barni, þar sem grunur leikur á um að barn sé beitt ofbeldi hjá dagforeldri.

Samkvæmt fulltrúa eins sveitarfélagsins fer ákveðið ferli fer í gang við allar kvartanir þar sem umsjónaraðili vinnur í málinu ýmist einn eða í samráði við barnaverndarstarfsmann og lögreglu:

- Dagforeldrið er alltaf látið vita og er heimsótt í alvarlegri málum þar sem aðstæður eru kannaðar og málið rannsakað. Í slíkum málum er lögreglu og barnavernd gert viðvart um málið.
- Dagforeldri fær leiðbeiningar um úrbætur og er gefinn ákveðinn frestur til þess að bæta úr, allt eftir eðli máls.
- Ef ástæða er til fær dagforeldri afhent skriflega tilkynningu frá sveitarfélagi um tímabundna leyfissviptingu vegna aðstæðna í tilkynningu. Dagforeldri, foreldrum og barnavernd er einnig tilkynnt um það.
- Dagforeldri fær alltaf ákveðinn andmælafrést til að gera grein fyrir sínu máli.

- Málinu er svo fylgt eftir með upplýsingagjöf til foreldra um úrlausn máls.
- Málið er rannsakað til hlítar og öll samskipti og heimsóknir eru skráðar.
- Þegar ljóst er orðið hvort um endanlega leyfissviptingu verði að ræða eða fallið verði frá henni er öllum hlutaðeigandi tilkynnt um endanlega niðurstöðu málsins.

Upplýsingagjöf sveitarfélaga út á við til dæmis hvað varðar kvartanir, ábendingar, leyfissviptingar og annað slíkt er ekki mikil. Þessi mál eru ekki sýnileg öðrum en þeim sem eiga þar í hlut. Engar tilkynningar eru gerðar út á við á því þegar dagforeldri missir leyfið sitt eða alvarlegar kvartanir berast. Hér er um viðkvæm mál að ræða sem geta endað með dómsmáli. Þau sveitarfélög sem rætt var við greindu frá því að kvartanir væru ekki margar á ári hverju. Þær væru oft og tíðum saklausar og snerust helst um ágreining milli aðila sem væri leystur faglega í samstarfi við sveitarfélögin. Reglulega berast þó sveitarfélögunum ábendingar um öryggismál þar sem það vekur óöryggi margra aðein manneskja fari með umsjá fimm barna.

Dagforeldrar hafa stundum þurft að grípa til þess að kvarta eða koma með ábendingar um kollega sína þegar þeir verða vitni að einhverju ósæmilegu. Ekki fengust svör um það í hvaða farveg slíkar kvartanir færu nákvæmlega, en draga má að því líkur að sama atburðarás fari í gang og þegar foreldri kemur með ábendingu. Þessar kvartanir virðast hins vegar ekki vera teknar jafn alvarlega og þær sem koma frá foreldrum ef marka má orð eins viðmælanda.

Ég hef einu sinni látið vita út af einu atviki hérna og sagt daggæsluráðgjafanum frá því og hún sagði að ég yrði að kvarta formlega undir nafni og hitt dagforeldrið fengi að vita allt um mig og kvörtunina og þá kannski yrði eitthvað gert og það talað við hana. Það er ekkert gert meira, ég vil hafa meira eftirlit og að það virki. Þegar að það er eitthvað athugavert að það sé tekið á því og að það sé stoppað, stoppuð starfsemin. Fólki sé ekki leyft til dæmis að vera hálf drukkið í vinnunni, það er ekki boðlegt þegar að lítil börn geta ekki sagt frá og varið sig. Það bara er ekki boðlegt! við verðum að verja þessa litlu einstaklinga. Ég veit alveg um dagforeldra sem að eru enn þá starfandi sem ættu að vera hættir fyrir löngu síðan!. (Dagforeldri, munnleg heimild, e.d.)

Ef satt reynist þá er þetta grafalvarlegt mál sem þarf að skoða og gera úrbætur á. Dagforeldrar verða að geta komið með ábendingar líkt og aðrir. Þeir sjá oft hluti sem aðrir sjá kannski ekki, eru oft og tíðum í miklum samskiptum við hvert annað og eiga að vera teknar

alvarlega. Foreldrar virðast veigra sér frekar við því að koma með ábendingar og kvartanir vegna þess að þeir eru hræddir um að missa plássið og lenda þá í stökustu vandræðum með gæslu fyrir barnið sitt með öllum þeim keðjuverkandi áhrifum sem það hefur í för með sér. Foreldrar ættu samt sem áður alltaf að setja barnið sitt í fyrsta sæti og ekki hika við að benda á þegar eitthvað er ekki í lagi. Kerfið leggur traust á foreldra að koma með ábendingar og kvartanir þegar við á og regluverkið biðlar þess til foreldra. Annað getur hreinlega talist refsivert, þó sér í lagi þegar alvarleiki málsins er þannig.

Ég hefði viljað kvartað t.d. vegna þess hvernig dagforeldrið innheimtir dvalargjaldið og eins bara hefur mig oft langað til að fá heilbrigðiseftirlitið til að gera einhverskonar hreinlætisúttekt eða eitthvað slíkt. Ég veit ekki hvort að þetta geti verið eðlilegt eins og þetta var þarna hjá þessu dagforeldri... maður hefur ekkert til þess að miða við og veit ekki hvað er eðlilegt. Það vantar leiðbeiningar um þessa starfsemi frá hinu opinbera finnast mér, en auðvitað verður maður líka að nota skynsemina ég segi það ekki. (Foreldri, munnleg heimild, e.d.)

4.3 Aðlögunar- og dvalartími

Aðlögunar og dvalartími er keimlíkur milli dagforeldra. Dagforeldrar starfa oftast nær á bilinu 7:45–16:15 alla virka daga. Svokölluð þátttökuaðlögun er algengasta form aðlögunar hjá dagforeldrum þar sem foreldrar taka ríkan þátt í aðlögun barnsins líkt og þekkest hjá leikskólum landsins. Algengast er að barnið fái aðlögun í fimm daga með stigvaxandi viðveru, áður en hefðbundin dvöl tekur við. Í sumum tilvikum tekur aðlögunin lengri tíma og er sú rúttína skipulögð og ákveðin í samráði við foreldra. Hin hefðbundna fimm daga aðlögun er eftirfarandi: Barnið mætir sinn fyrsta dag með foreldri sínu í stuttan tíma til þess að kynnast umhverfi sínu, dagforeldrinu og sjá hin börnin. Á degi tvö lengist viðveran aðeins, foreldrið er með barninu til að byrja með og lætur sig svo hverfa í smá stund. Barnið er þá skilið eftir í stuttan tíma án viðveru foreldris. Þriðja daginn er foreldrið ekki með og barnið skilið eftir fram að hádegi. Fjórða daginn fær barnið hádegismat og tekur lúrin sinn seinni partinn áður er foreldrið kemur og sækir það. Í vikulok fær barnið svo að vera allan daginn án foreldris. Í sumum tilfellum fær barn inni hjá dagforeldri rétt fyrir sumarfrí og þarf því að endurtaka aðlögun sína eftir sumarið ef öryggi þess er ekki orðið nægilega mikið.

Barnið fékk aðlögun korter í sumarfrí og var því amma hennar fengin til að sinna aðlöguninni með barninu. Fyrsta daginn var bara heimsókn í 40 mínútur og svo fór barnið eitt í 40 mínútur og svo var það skilið eftir 3 daginn í 2 tíma og svo fjórða daginn var það allan matartímann og lúrin og síðasta aðlögunardaginn var allur dagurinn og þá var þetta bara komið. En af því að aðlögunin var svona rétt fyrir sumarfrí þá þurfti eiginlega að endurtaka leikinn aftur um haustið þegar barnið byrjaði aftur sem var mjög óþægilegt. (Foreldri, munnleg heimild, e.d.)

Flestum foreldrum þótti aðlögunartíminn þægilegur og hæfilega langur. Sumir foreldrar upplifðu trega við að skilja barnið sitt eftir hjá dagforeldri, þó sérstaklega hjá þeim sem störfuðu einir í heimahúsi.

Tilfinningin mín þegar ég er að fara með barnið mitt úr heimahúsi í annað heimahús til einhvers annars á morgnanna hún er mjög skrítin. En ég upplifði þetta aldrei með eldra barnið mitt þegar það var á gæsluvelli. Barnið var bara að fara að hafa góðan dag út að leika og skemmta sér en með hitt barnið þá einhvern veginn var það bara að fara að hanga heima hjá dagforeldrinu. (Foreldri, munnleg heimild, e.d.)

Fæstir dagforeldrar eru með dagskipulag fyrir börnin vegna þess hve lítil þau eru. Reynt er eftir fremsta megni að fara út með þau þegar veður leyfir, á róluvöll eða í göngutúr. Fyrir börn á þessum aldri er hins vegar mjög mikilvægt að halda rútínu með matartíma, hvíld og annað þess háttar, svo að svigrúm til annarra athafna er af skornum skammti, þó sérstaklega ef dagforeldrið er starfandi eitt og án stuðnings frá öðrum: „Dagskipulagið er alltaf bara mjög svipað alla daga, þá líður börnum best. Þau vita alltaf hvað er að fara að gerast næst“. (Dagforeldri, munnleg heimild. e.d) Einu foreldri fannst mjög mikilvægt að það væru nokkrir fastir liðir á hverjum degi „Útivera og einhver örvun skipulögð. Örugglega er það þannig hjá mörgum en það þyrfti að vera bara eitthvað svona vinnuferli sem að þau færu eftir og væru að sinna.“ (Foreldri, munnleg heimild, e.d)

Það er stórt skref fyrir foreldra að fá pláss fyrir barnið sitt hjá dagforeldri og treysta öðrum einstaklingi fyrir barninu sínu sem þeir hafahlúð að, nært og gengið með frá fyrstu mínútu. Því eru öryggismál og samskipti foreldra og dagforeldra gríðarlega mikilvæg í öllu ferlinu.

4.4 Samskipti milli foreldra og dagforeldra

Engar reglur eða leiðbeiningar eru til um hvernig samskiptum milli foreldra og dagforeldra eigi að vera háttað. Í 26 gr. reglugerðar um daggæslu er aðeins tekið á grundvallaratriðum í samskiptum þessara aðila. Þar segir að foreldrar skuli virða það að um heimahús er að ræða og að foreldrar skuli fylgjast vel með aðbúnaði barns hjá dagforeldri og bregðast við ef þeir verða varir við breytingar á honum sem þeir telji að skipti máli með tilliti til líðan barnsins. Í 25. gr. sömu reglugerðar stendur að foreldrar skuli aldrei koma með veikt barn til dagforeldris og upplýsa dagforeldri ef breytingar verða á högum barns sem geta haft áhrif á líðan þess að mati foreldra. Ef dagforeldri getur ekki af einhverjum sérstökum ástæðum sinnt starfi sínu þá er barnið á ábyrgð foreldra.

Gott samstarf milli foreldra og dagforeldra er mikilvæg forsenda þess að barninu líði vel. Samskiptin þurfa að byggja á góðri upplýsingamiðlun, trúnaði og trausti. Samskipti foreldra og dagforeldra eru í flestum tilfellum góð en virðast vera lítil og einskorðast við barnið ef marka má orð eins foreldris: „Samskiptin voru bara mjög góð, ég hef bara átt góð samskipti en kannski ekki mikil. Þetta er bara svona hvernig dagur barnsins var og búið.“ (Foreldri, munnleg heimild, e.d) Foreldrar benda margir hverjir á að samskipti við dagforeldra séu í mýflugumynd miðað við það sem gengur og gerist t.d. á leikskólum landsins: „Maður fékk aldrei neinar myndir af barninu eða almennilegar útskýringar og lýsingar af deginum og svona eins og þetta er á leikskólanum.“ (Foreldri, munnleg heimild, e.d)

Sumir dagforeldrar leggja samt sem áður mikið upp úr góðum samskiptum við foreldra, eitt dagforeldrið segir orðrétt: „Samskipti foreldra og okkar skipta höfuðmáli, við vorum að kveðja eina í síðustu viku og hún á von á systkini sem kemur hérna í vetur til okkar. Við fáum svo oft kort frá foreldrum með kveðju frá börnum sem eru hætt hjá okkur.“ (Dagforeldri, munnleg heimild, e.d) Það eru því dagforeldrar þarna úti sem gera mikið í því að byggja upp gott samband við foreldra og vinna markvisst í ýmiss konar málum með þeim sem tengjast barninu, án þess að vera skyldug til þess. Hér má til að mynda nefna samstarf við foreldra þegar hætta á með barn á brjósti, aðstoð við svefnvenjur barns með aðkomu svefnráðgjafa og ýmiss konar greiningarvinna tengd þroska og hegðun barns í samráði við sérfræðinga.

Skipulagðir frídagar, starfsdagar sem og veikinda- og sumarleyfi eru skilgreindir nánar í reglugerð um daggæslu sem og þjónustusamningi milli aðila. Margir dagforeldrar miða sína skipulögðu frídaga við frídaga hverfisskólanna í sínu hverfi og tilkynna þá með góðum fyrirvara. Fræðsludagar á vegum sveitarfélaganna liggja alltaf fyrir í upphafi hvers skólaárs og sumarleyfi haldast oftast í hendur við hefðbundnar júlílokanir leikskólanna. Undantekningar eru á þessu samt sem áður, eins og svo mörgu öðru.

Frídagar lágu alls ekki fyrir í upphafi, það var meira svona látið vita með nokkra vikna fyrirvara, stundum bara nokkra daga fyrirvara. Maður fékk aldrei neinn afslátt af vistunargjöldum eða neitt þegar þær fóru í frí og ég hef ekki hugmynd um hversu marga frídaga þær máttu taka sér svo sem, fyrir utan þetta hefðbundna rauðir dagar og sumarfrí. (Foreldri, munnleg heimild, e.d.)

Foreldrar eiga almennt ekki rétt á endurgreiðslu vegna veikinda dagforeldra nema þeir fari yfir ákveðinn fjölda á almanaksárinu og er það mismunandi eftir sveitarfélögum. Eins er farið með skipulagsdaga og aðra frídaga sem ekki teljast til almennra frídaga, dagforeldrar eru með ákveðinn kvóta af þeim yfir árið líkt og gengur og gerist hjá leikskólum landsins. Þegar foreldrar voru spurðir út í það hvernig veikindum væri háttað og hvernig tilkynningar um veikindi bærust þeim, svöruðu þeir allir eins. Veikindi voru tilkynnt með sms-i snemma morguns, áður en dagurinn byrjaði. Veikindi voru ekki tíð hjá þessum hópi viðmælenda sem foreldrar voru afar ánægðir með: „Ég lenti aldrei í veikindum dagforeldris með fyrra barn. Þær voru tvær saman og höfðu aðila til að stökkva til og aðstoða ef að þær voru veikar eða slíkt. Þannig ég lenti aldrei í því að senda barnið ekki vegna veikinda. Ég hef ekki heldur lent í því núna með seinna barn.“ (Foreldri, munnleg heimild, e.d.)

Grunnþekking foreldra á dagforeldrakerfinu er góð, en þegar kafa á dýpra í regluverkið og umgjörð þess er þekkingin ekki nægilega mikil. Fæstir foreldrar vissu hvernig úttekt á starfseminni fer fram, hvernig kvartanir eru lagðar fram og hvaða ferli fer af stað þegar þær berast, né heldur hvernig niðurgreiðslu til dagforeldra er háttað. Margir foreldrar vissu ekki heldur að uppsagnir virka á báða vegu og að uppsagnartíminn er einn mánuður hjá báðum aðilum þó svo að slíkt ákvæði komi fram bæði í dvalarsamningi sem og þjónustusamningi.

4.5 Brúunarvandi

Þegar fæðingarorlof klárast þurfa foreldrar að hafa einhverja möguleika á daggæslu fyrir barnið sitt. Í flestum tilvikum lýkur fæðingarorlofi við 9 mánaða aldur barns (framvegis 12 mánuði í samræmi við nýju fæðingarorlofslögin) en flestir leikskólar taka ekki við börnum fyrr en við 18-20 mánaða aldur. Dagforeldrar hafa aðstoðað foreldra þegar fæðingarorlofi lýkur með sinni daggæsluþjónustu en þeir anna ekki allri eftirspurninni. Það þarf ekki annað en að kíkja inn á vefsvæði sveitarfélaganna til þess að sjá að hvergi er laust pláss hjá dagforeldri. Eins hafa sveitarfélögin sum hver reynt að fjölga plássum á leikskólum og ungbarnaleikskólum fyrir þennan aldurshóp, en ekki komast allir þar að sem vilja.

Hugtakið brúunarvandi hefur fest sig í sessi undanfarin ár, en með því er átt við það þegar fjallað er um þá óánægju sem ríkir meðal foreldra sem eru að ljúka fæðingarorlofi og eiga erfitt með að fá daggæsluúrræði fyrir börnin sín. Þetta veldur því að foreldrar komast ekki út á vinnumarkaðinn aftur og verða þar af leiðandi af nauðsynlegum tekjum fyrir heimilið sem og að barnið fær oft og tíðum ekki þá örvun og þroska sem að það ella fengi í hópi með öðrum börnum, til dæmis hjá dagforeldri eða á leikskóla. Þörf samfélagsins fyrir vinnuframlag beggja foreldra er óumdeilanlegt og vilji foreldra um bættu þjónustu og fleiri daggæsluúrræði fyrir börnin sín sömuleiðis (Guðný Björk Eydal, 2006), líkt og endurspegladist í svörum viðmælenda. Þessi brúunarvandi er ekki nýtilkominn þó að hugtakið sé tiltölulega nýtt í daglegu tali. Foreldrar um allt land hafa þurft að leysa þetta vandamál í áraraðir á margvíslegan hátt (Reykjavíkurborg, 2018). Borið hefur á því undanfarin ár að foreldrum hafi gengið illa að fá pláss hjá dagforeldrum eða í öðrum daggæsluúrræðum og lenda fjölmargir foreldrar í vandræðum vegna óvissunnar sem skapast vegna þessa. Það getur skipt miklu máli hvenær á árinu barn er fætt þegar innrita á barnið í daggæsluúrræði en leikskólar og dagforeldrar taka yfirleitt ný börn inn að hausti og því erfitt fyrir þá foreldra að fá inni fyrir börnin sín sem klára sitt orlof á öðrum tíma. Foreldrar barna sem ekki hafa fengið daggæslu fyrir börn sín eftir að fæðingarorlofi er lokið hafa brugðið á það ráð að stofna Facebook-síðu þar sem þeir ræða saman, hvetja hvert annað áfram og vilja knýja fram aðgerðir.

Ýmsum aðgerðum sveitarfélagana hefur verið rutt af stað seinustu misserin til að stemma stigu við þessum vanda og útrýma honum, líkt og aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar brúum

bilið ber með sér (Reykjavíkurborg, 2018). Eitt skrefið í þessum aðgerðum var lenging fæðingarorlofs í 12 mánuði sem nú er í höfn ásamt því að einhver sveitarfélög hafa tekið upp á því að innrita á leikskóla bæði að hausti og í byrjun árs með auknu fjármagni og meira flæði milli skólastiga.

4.6 Framtíðarsýn sveitarfélaga á dagforeldrakerfið

Dagforeldrakerfið var á sínum tíma viðbót við leikskólana og komu dagforeldrar til hliðar við þá. Í sögulegu samhengi þá voru börnin eldri hér á árum áður sem nýttu þjónustu dagforeldra. Nú hefur þetta breyst mikið og yngri börn farin að fara inn á leikskólana í meira mæli. Einungis konur sinntu þessum störfum hér áður og voru þær oft með sín börn hjá sér í bland við öll hin börnin, sem mörg hver voru í vistun hálfan og hálfan dag, nokkra daga vikunnar jafnvel (Guðný Björk Eydal, 2006). Sveitarfélagsfulltrúi segir: „Í dag væri þetta talið óheppilegt því hvar er jafnréttið í þjónustunni þegar dagforeldri er komið með 5 börn og eitt þeirra er hans eigið“. (Fulltrúi sveitarfélags, munnleg heimild, e.d) Í dag er dagforeldraþjónusta virkilega atvinna fólksins sem sinnir henni og ekki verið að sækjast eftir réttindum í skamman tíma til þess að redda sér með sín börn á meðan þau eru lítil. Fólk velur sér þetta starf til framtíðar. Eins og kom fram hjá sveitarfélögunum eigum við því að bera virðingu fyrir þessu starfi og börnunum og velja fólk sem hefur ástríðu og löngun til að vinna starfið og gera kröfur til þess. Við eigum ekki að horfa á þarfir samfélagsins heldur þarfir barnsins, setja þessa starfsemi á sama plan og starfsemi leikskólanna og gera sömu kröfur og eru þar. Í því felst að verðmeta starfið í samræmi við mikilvægi þess. Ef það verður til þess að aðilum sem sinna þjónustunni fækkar, væri það fórnarkostnaður sem myndi borga sig til að bæta þjónustuna. Eitthvað annað yrði þá að taka við eða líkt og sveitarfélagsfulltrúinn orðaði það: „Stjórnvöld verða að taka ábyrgð á því að við séum með börn í samfélaginu og við verðum að hafa rými fyrir þau, það er heldur ekki sanngjarnt að fara alltaf í vasa foreldranna.“ (Fulltrúi sveitarfélags, munnleg heimild, e.d)

Öryggismálin eru sveitarfélögunum einnig hugleikin og endurskoðun á regluverkinu orðin tímabær að mati sveitarfélagsfulltrúa: „Það var byrjað í tíð Eyglóar Harðardóttur að endurskoða regluverkið í kringum dagforeldra svo var það bara tekið út og ekkert hefur gerst í þeim málum síðan.“ (Fulltrúi sveitarfélags, munnlega heimild, e.d) Það er virkilega komin þörf á að skoða regluverkið með tilliti til öryggis barna að leiðarljósi og skilgreina betur hvaða

kanala dagforeldrar þurfa að hafa til að starfa sem slíkir. Dagforeldrar þurfa að koma sér upp ákveðnum ferlum í sambandi við öryggi og slysavarnir og eins starfið í heild. Þetta eru hlutir sem þarf að ræða betur í samstarfi við dagforeldrana og ríkið.

Þörfin á dagforeldrum í framtíðinni mun eflaust minnka samhliða lengingu fæðingarorlofs og framtíðarsýn hins opinbera á fjölgun leikskólaplássna fyrir þennan unga hóp barna. Rekstrarumhverfi og rekstrarleg geta dagforeldra til að sinna umönnun í jafn stuttan tíma og lagt er upp með að þurfi að brúa næstu árin mun eflaust leiða til enn frekari fækkunar í starfstéttinni sem vonandi nær þó á endanum einhverju jafnvægi. Það mun alltaf vera einhver hluti foreldra sem kys dagforeldrana fram yfir leikskólana og staldrar þá eflaust lengur við hjá þeim. Það er ekki gott fyrir börn að vera í miklu róti milli umönnunarúrræða og vera oft í aðlögun á nýjum stað. Val foreldra um umönnunaraðila verður því hugsanlega að vera bindandi í einhvern lengri tíma en 3–4 mánuði, líkt og útlit er fyrir að verði. Þeir foreldrar sem myndu helst kjósa dagforeldrakerfið fram yfir leikskólana eru líklega þeir foreldrar sem finnst stökkið of stórt beint yfir í leikskólann frá fæðingarorlofinu. Það er því mikilvægt að foreldrar hafi val en mögulega verður þetta úrræði dýrari kosturinn fyrir vikið, líkt og kom fram í máli sveitarfélagsfulltrúans „Við sveitarfélögin erum ekki að leggja upp með það að útrýma og leggja þetta kerfi af líkt og einhverjir halda“. (Fulltrúi sveitarfélags, munnleg heimild, e.d)

Í hinum fullkomna heimi kæmust öll börn inn á leikskóla strax eftir fæðingarorlof. Væntingar foreldra til kerfisins eru miklar og eðlilegar og sveitarfélögin eru flest að vinna sig í átt að þessu markmiði og væntingum foreldra. Sú framtíðarsýn er hins vegar gríðarlega kostnaðarsöm fyrir sveitarfélögin og margt þarf að breytast til að þetta geti orðið að veruleika, líkt og kom fram í máli sveitarfélagsfulltrúa: „Kostnaðurinn er mismikill milli sveitarfélaga og fer eftir stærð þeirra og fjölda barna að sjálfsögðu en engu að síður þá þarf margt að spila saman svo að slíkt geti gengið upp“. (Fulltrúi sveitarfélags, munnlega heimild, e.d) Það þarf mjög aukið fjármagn inn í þennan málaflokk til að hægt sé að leggjast í slíkar breytingar. Það eru færri börn per starfsmann á þessum aldri og þeir yrðu jafnvel enn færri ef farið væri að taka inn börn allt niður í 12 mánaða aldur. Því þyrfti að fjölga starfsfólki á leikskólunum og í einhverjum tilfellum þyrfti að fjölga leikskólunum sjálfum og auka rými þar.

Síðast en ekki síst þurfa skólalóðirnar að taka breytingum því að þær eru ekki hannaðar fyrir svona ung börn.

Þetta er alls ekki óyfistíganlegt verkefni heldur er þetta pólitísk ákvörðun sem að þarf fyrst og fremst að eiga sér stað og fjármagn þarf að fylgja þar með. Þetta er breyting sem ég sé eiga sér stað á komandi árum. (Fulltrúi sveitarfélags, munnleg heimild, e.d)

4.7 Breytingar og umbætur á núverandi dagforeldrakerfi

Helstu breytingar síðari ára á dagforeldrastarfinu að mati dagforeldranna hafa verið aldursamsetning barnahópsins, fækkun dagforeldra og tilkoma samfélagsmiðla. Börnin koma yngri inn og stoppa styttra hjá dagforeldrum heldur en þau gerðu áður. Mörg hver eru oft ennþá á brjósti sökum aldurs og kunna ekki að borða. Allt þetta hefur áhrif á dvöl barnsins hjá dagforeldrinu.

Mér finnst það hafa breyst að því leitinu til að þau kunna ekki að borða þessi börn sem koma til okkar, stór hluti. Þetta er brjóstabarn sem að við heyrum í hérna núna, annað barn foreldranna og það er svolítið þetta, það er mun erfiðara að aðlaga börn núna heldur en hérna áður. Þau eru að koma yngri inn og eru styttra hjá okkur. Að þessu leyti finnst mér starfið hafa breyst. (Dagforeldri, munnleg heimild, e.d)

Fækkun dagforeldra er, líkt og áður hefur komið fram, eitthvað sem hefur verið að gerast hægt og bítandi síðustu ár. Hver skýringin nákvæmlega er á því, höfðu viðmælendur ekki svör við. Tilkoma samfélagsmiðla getur hafa átt einhvern hlut í því að fjölgun í stéttinni hefur verið hæg. Foreldrar veigra sér frekar við að skilja börnin sín eftir hjá dagforeldrum en áður, vegna sögusagna, reynslusagna og annarrar upplýsingagjafar á upplifun fólks sem getur haft ákveðinn fælingarmátt í för með sér. Samfélagsmiðlar eru oft og tíðum upplýsingaveitur þar sem engin ritskoðun fer fram og erfitt er að vinda ofan af falsfréttum og slæmu umtali sem á sér ekki stoð í raunveruleikanum. Þeir geta þó verið gott aðhald fyrir stéttina og kerfið í heild sinni. Samfélagsmiðlar virka þó einnig á hinn veginn; gott umtal, góð meðmæli og góð vinnubrögð berast fljótt út og geta því verið góð kynning fyrir dagforeldra.

Þær breytingar sem dagforeldrar vildu helst sjá á núverandi kerfi á næstu misserum voru þær að efla eftirlit með dagforeldrum og sjá eftirlitsaðilana koma oftar. Ábendingar og kvartanir

ættu að fá meira vægi og unnið yrði markvisst að því að fá foreldra til að treysta á kerfið aftur, þar sem það traust hefur að einhverju leyti tapast á síðustu árum. Dagforeldrarnir vildu sjá að starfandi fulltrúar og umsjónarmenn kæmu oft og ynnu meira með dagforeldrunum. Unnið væri að frekara samstarfi frekar en að stunda bara eftirlit og benda á það sem betur má fara og horfa í regluverkið. Dagforeldrarnir upplifðu að það væri markmið sveitarfélaganna að reyna að finna að og klekkja á þeim. Þeir vilja vera metnir meira að verðleikum og ekki vera einhver afgangsstærð og reddarar í stóra samhenginu.

Hækkun niðurgreiðslu til foreldra og þak á gjaldtöku dagforeldra var einnig ofarlega á lista yfir þær breytingar sem foreldrar jafnt sem dagforeldrar vildu gera á núverandi kerfi: „Yfirvaldið hlýtur að geta sett eitthvað þak á þetta og verið með meiri niðurgreiðslu á þessari starfsemi, þeir niðurgreiða leikskólalássin meira.“ (Foreldrar og dagforeldrar, munnleg heimild, e.d) Viðmælendur vilja sjá jafnræði í kerfinu þar sem allir foreldrar sitja við sama borð hvað varðar aðgengi og gjald á þjónustunni, óháð búsetu, líkt og eitt dagforeldri bendir á:

Maður vill sjá að þeir hækki niðurgreiðsluna til foreldra. Manni finnst þetta ósanngjarnt. Ég gæti auðvitað alltaf verið bara að horfa á mig og með mitt gjald og mér væri bara skítsama hver borgar það, en manni er ekki sama, manni finnst bara erfitt að hugsa til þessa. Maður á náttúrulega börn líka sem þurfa að borga þetta, svona allskonar gjöld. Þetta á bara að vera eins fyrir alla. (Dagforeldri, munnleg heimild, e.d)

4.8 Nýjungar og ný sýn á dagforeldrakerfinu

Þegar viðmælendur voru inntir svara við því hvað þeim fyndist vanta og hvaða nýjungar þeir vildu sjá í kerfinu sem ekki hafa verið áður, þar þar hæst tillögur varðandi umsóknarferlið og úrbætur því tengdar frá foreldrum. Foreldrarnir vildu sjá frekari upplýsingar um bakgrunn dagforeldranna, myndir, upplýsingar um aðstöðuna og jafnvel meðmæli inni á vef sveitarfélaganna. Slíkar upplýsingar hafa aldrei verið aðgengilegar opinberlega áður. Með þessu væri hægt að fækka umsóknum og umstangi foreldra við að afla sér þessara upplýsinga sjálfir. Sveitarfélögin eru mjög opin fyrir þessum tillögum og vildu nokkur þeirra kanna þetta enn frekar og taka þessa hugmynd lengra.

Mikill áhugi var hjá foreldrum til að taka upp gegnsærra biðlista- og umsóknarkerfi hjá dagforeldrum sem einnig myndi auðvelda starfið fyrir dagforeldra. Aldrei áður hefur umsóknar- og eða biðlistakerfi verið í notkun fyrir þessa þjónustu. Slík innleiðing myndi létta undir með dagforeldrum en mikil vinna felst í því að halda utan um biðlistana hjá hverjum og einum. Auk þess myndi þetta gera kerfið léttara í sniðum fyrir alla aðila og minnka óvissuna og stressið sem foreldrar finna fyrir í umsóknarferlinu. Kanna þyrfti hvort slíkt kerfi myndi borga sig fyrir sveitarfélagið að halda utan um og greiða fyrir og hvort hægt væri að gera slíkar kröfur til sjálfstætt starfandi aðila líkt og dagforeldra, að hafa biðlista og umsóknir sýnilegar.

Sú nýjung að skylda dagforeldra til að vinna tvo og tvo saman var einnig ofarlega á lista hjá öllum viðmælendum og að þeir myndu mynda sér stefnu, líkt og ungbarnaleikskólarnir gera skv. lögum um leik- og grunnskóla nr. 584/2010 og vinna eftir þeim. Með því móti væri hægt að gera starfið gegnsærra og fá frekari samfellu í umönnunina, sem nýtist bæði fyrir foreldra og börn.

Það ætti að setja sömu kröfur á dagforeldra líkt og með þessar menntastofnanir, þetta er sami hópurinn sem verið er vinna með. Það á ekki að skipta máli hvort barnið komist að hjá dagforeldri eða inn leikskóla, öll börn eiga að sitja við sama borð þarna hvað varðar menntun, uppeldi og þroska tækifæri. (Fulltrúi sveitarfélags, munnleg heimild, e.d)

5 Umræða og ályktanir

Í þessum kafla verða helstu niðurstöður verkefnisins dregnar saman og út frá þeim verða dregnar ályktanir. Eins og lýst er í upphafi er þessu verkefnamati ætlað að skýra frá reynslu, viðhorfum og ábendingum á núverandi dagforeldrakerfi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Markmið verkefnamatsins er að draga fram kosti og galla dagforeldrakerfisins sem er við lýði í dag og setja fram ábendingar um úrbætur og nýja sýn á fyrirliggjandi kerfi. Kaflinn er byggður upp líkt og niðurstöðukaflinn svo að samsvörun sé á milli þeirra.

5.1 Val á dagforeldri

Fyrsti þátturinn sem var skoðaður í dagforeldrakerfinu snerist um val foreldra á dagforeldri. Þær bakgrunnsupplýsingar sem voru skoðaðar tóku til starfseminnar, staðsetningu dagforeldra, umsóknarferlið, biðlista, gjaldskrá, aðstæður dagforeldra og þar fram eftir götunum. Samkvæmt niðurstöðunum virðast foreldrarlenda í vandræðum strax í fyrsta skrefinu, það er við val á dagforeldri, áður en dvöl barnsins hefst og þeir í raun ekki einu sinni orðnir hluti af kerfinu. Upplýsingagjöfin bæði frá sveitarfélögunum sem og dagforeldrunum sjálfum er ekki fullnægjandi fyrir foreldra. Þær upplýsingar, sem gefnar eru, eru góðar en það vantar töluvert uppá til þess að foreldrar geti tekið nægilega upplýsta ákvörðun um það hjá hvaða dagforeldri eigi að sækja um daggæslu hjá. Upplýsingagjöf til foreldra er ekki í takt við þær leiðbeiningar sem foreldrum er bent á að styðjast við þegar leita á að dagforeldri. Foreldrar virðast sækja um daggæslupláss hjá dagforeldrum í blindni, það er að segja umsóknir eru gerðar án þess að foreldrarnir hafi allar þær upplýsingar sem þeim ber að hafa,skv. leiðbeiningum hins opinbera, áður en umsókn er gerð.

Sú staðreynd að foreldrar séu búnir að taka málin í sínar eigin hendur með stofnun umræðusíðu á Internetinu um allt sem snýr að dagforeldrakerfinu, endurspeglar þörfina varðandi úrbætur í upplýsingagjöf til foreldra um dagforeldrakerfið. Nauðsynlegt er fyrir sveitarfélögin og dagforeldra að upplýsa foreldra betur um þjónustuna og allt sem henni tengist. Foreldrar kalla eftir því að umsagnir um dagforeldra, myndir af starfseminni auk bakgrunnskynningar á dagforeldrum, verði sýnilegar inni á vef sveitarfélaganna. Þetta myndi ekki bara auðvelda foreldrum að taka upplýsta ákvörðun heldur myndi þetta einnig nýtast

dagforeldrum vel á þann hátt að illa upplýstum og ónauðsynlegum umsóknum myndi fækka. Sveitarfélögin tóku vel í þessar ábendingar um umbætur í upplýsingagjöf til foreldra og vildu skoða þetta nánar í samstarfi við dagforeldranna. Slíkar upplýsingar þurfa að koma frá þeim sjálfum, uppfærast reglulega og vera á þeirra ábyrgð.

Biðlistar dagforeldra eru einn þáttur kerfisins sem hvað mest hefur verið gagnrýndur af foreldrum. Ósýnileiki og óvissa um stöðu á biðlista sem veldur álagi og tortryggni foreldra er staða sem þarfnast úrlausnar. Í kerfinu öllu endurspeglast þessi ríki réttur dagforeldra sem felst í því að vera sjálfstætt starfandi, því ekki virðist vera hægt að gera biðlistana sýnilega líkt og hjá leikskólunum, né heldur er áhugi fyrir því hjá dagforeldrum ef marka má niðurstöður. Sveitarfélögin hafa ekki rétt á því að taka þessi mál í sínar hendur án samráðs við dagforeldrana, þeir sjá um þetta sjálfir og haga biðlistum eins og þeim hentar. Engin lausn virðist vera í sjónmáli á þessu vandamáli þrátt fyrir að stærsta sveitarfélagið, Reykjavíkurborg, hafi sýnt áhuga á því að fara af stað með tilraunaverkefni þar sem dagforeldrum býðst að taka þátt í miðlægu innritunarkerfi undir yfirskriftinni „Blíð“, en þar myndu starfsmenn borgarinnar sjá um að skrá börn sem bíða eftir dagvistun (Reykjavíkurborg, 2018b, bls. 15-16).

Auk þess kalla foreldrar eftir því að sveitarfélögin grípi þá foreldra sem hvergi fá pláss hjá dagforeldri eða í öðru daggæsluúrræði og veiti þeim einhverskonar björg, til dæmis í formi styrkja. Eftirspurnin eftir pláss hjá dagforeldri er mikil og meiri en framboðið, líkt og bent hefur verið á hér að framan. Það er því ljóst að einhverjir foreldrar munu alltaf lenda í vandræðum og ekki fá pláss hjá dagforeldri, nema takist að fjölga í stéttinni. Dræmar undirtektir voru fyrir slíkum úrræðum hjá sveitarfélagunum sem rætt var við, enda er ekki um lögbundna þjónustu sveitarfélaganna að ræða.

Aðstæður og húsakynni dagforeldra fylgja ströngum reglum og eru því góð og fullnægjandi, líkt og niðurstöður bentu til um. Það húsnæði sem er hvað stærst og fullkomnast ber það líka oft og tíðum með sér á verðlaginu en verðlagning dagforeldra á daggæsluplássi er frjáls. Örfá sveitarfélög hafa þó tekið sér það vald að setja einhverskonar þak á gjaldtöku dagforeldra til að koma til móts við háværa gagnrýni foreldra sem beinist einna helst að háu vistunargjaldi

og miklum útlögðum kostnaði fyrir foreldra. Samkvæmt niðurstöðunum er mikill munur á því hvað foreldrar borga fyrir dagforeldrapláss eftir búsetu, en það stjórnast að miklu leyti af því hve há niðurgreiðslan frá sveitarfélögunum er.

5.2 Þjónusta sveitarfélaga

Löggjafinn og framkvæmdarvaldið skilgreina dagforeldra sem sjálfstætt starfandi atvinnurekendur skv. reglugerð um daggæslu. Rekstrarform daggæslu barna í heimahúsum er allt annað í samanburði við til að mynda ungbarnaleikskóla og ungbarnadeildir inni á leikskólum höfuðborgarsvæðisins, þar sem sveitarfélögin sjá sjálf um framkvæmd starfseminnar í skólum í þeirra umsjá. Sveitarfélögum er einungis falið að annast eftirlit og umsjón með starfsemi dagforeldra í reglugerðinni. Sveitarfélögin hafa þó einnig vald í formi niðurgreiðslukerfis sem ætlað er að draga úr kostnaði foreldra við daggæslu barna í heimahúsum. Valdið felst í því að sveitarfélögin ákveða sjálf hversu há niðurgreiðslan á að vera og því fyrirkomulagi að greiðslan fer beint til dagforeldranna sjálfra en ekki til foreldra barnanna sem nýta sér þjónustuna. Rekstrarumhverfi dagforeldra er því að nokkru leyti stjórnað af sveitarfélögunum. Sveitarfélögin hafa að þessu sögðu mikið vald yfir starfsöryggi dagforeldra og rekstrargrundvelli þeirra, auk þess sem þeir hafa að einhverju leyti tangarhald á útgjöldum barna fjölskylda sem nýta sér þessa daggæsluþjónustu. Pólitískar ákvarðanir leiðandi stjórnmalaflokka ráða því hversu há niðurgreiðslan er og hvernig niðurgreiðslunni skuli háttáð. Þeim er ekki skylt skv. lögum að niðurgreiða þessa þjónustu yfirhöfuð, hlutverk þeirra er einungis að sjá um leyfisveitingar, eftirlit og annarskonar umsjón. Sveitarfélögin kjósa hins vegar flest að veita þessa niðurgreiðslu.

Vald sveitarfélaganna gagnvart daggæslu barna í heimshúsum á að takmarkast við umsjón og eftirlit skv. löggjafanum. Því er það vald sveitarfélaganna sem hlýst með niðurgreiðslukerfinu í ákveðnu ósamræmi við reglugerðina sem löggjafinn setur um rekstrargrundvöll starfseminnar. Með þessu taka sveitarfélögin í raun vald umfram það sem þeim er gefið í reglugerðinni. Niðurgreiðslan er mjög misjöfn eftir sveitarfélögum og nauðsynlegt þykir að rétta af þennan mikla mun milli sveitarfélaga á niðurgreiðslunni svo að öll börn sitji við sama borð óháð búsetu. Rekstrarform sjálfstætt starfandi aðila hentar hins vegar ekki þeim hugmyndum að gera kerfið jafnt fyrir alla. Slíkt rekstarform þrífst á því að hafa vald yfir sjálfu sér og vera á samkeppnismarkaði.

Það skiptir miklu máli að stærsta sveitarfélagið, Reykjavíkurborg, sé leiðandi í þessum málaflokki, með hæsta hlutfall starfandi dagforeldra. En í staðinn hefur það setið eftir í þróuninni því eins og sjá má á töflu 1 greiðir Reykjavíkurborg minnst niður til foreldra, þrátt fyrir að hafa verið með háleit markmið um annað árið 2018. Þá var lagt upp með að við 18 mánaða aldur myndi niðurgreiðslan hækka í samræmi við gjöld sem foreldrar greiða á leikskólum borgarinnar (Reykjavíkurborg, 2018b, bls. 11-12).

Þegar samskipti sveitarfélaganna við dagforeldrana eru skoðuð þá mættu þau vera betri skv. niðurstöðum. Samskiptin litast mjög af göllum á formsatriðum í kerfinu sem auðveldlega væri hægt að leysa og ná sátt um ef báðir aðilar myndu kæra sig um að setjast niður, ræða þau og útrýma. Það eru allskonar glufur í kerfinu sem væri lítið mál að stoppa í, til dæmis með hjálp rafrænna lausna. Sveitarfélögin hafa eins og áður sagði mikið vald í stýringu á fjármagni, þau ætti því einnig að hafa tækin og tólin til þess að miðla málum og ná sátt um kerfið þegar deilur koma upp.

Dagforeldrar hafa óskað eftir því við sveitarfélögin að veittur sé aðstöðustyrkur eða viðbótarniðurgreiðsla til þeirra þegar þeir lenda í vandræðum með að fylla plássin sín, líkt og á til að gerast í kringum sumarmánuðina og inntöku barna á leikskóla. Einhver sveitarfélög hafa orðið við þessari beiðni nú þegar en mörg hver virðast ekki hlynnt þessum styrk til dagforeldra.

Ein helsta ábyrgð sveitarfélaganna í dagforeldrakerfinu er umsjón og eftirlit með starfsemi dagforeldra. Þar virðist víða pottur brotinn því niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að foreldrar séu illa upplýstir og óvissir um hlutverk sveitarfélaganna. Auk þess sem dagforeldrar benda á litla viðveru umsjónarmanna og yfirborðskennt eftirlit, þeir kalla eftir auknu eftirliti með starfseminni og meiri stuðningi í starfi.

Öryggismálin eru einnig stór þáttur í dagforeldrakerfinu. Ákveðin grundvallaratriði verða að vera í lagi hjá dagforeldrum skv. reglugerð um daggæslu, sem nauðsynlegt er að fylgast með og hafa í lagi. Dagforeldrar eiga margir hverjir erfitt með að fylgjast með þessum hlutum í amstri dagsins og þá er gott að hafa eftirlitið. Þeir benda hins vegar á að eftirlitsaðilar virðast

stunda hálfgerðar nornaveiðar og reyna að klekkja á sér í stað þess að fylgja eftirlitinu með vinsemd og manngæsku. Foreldrar jafnt sem sveitarfélögin hafa kallað eftir auknum öryggiskröfum dagforeldra til dæmis með því að skylda þá til að vinna tvo og tvo saman og setja upp öryggiskerfi. Þegar hér er komið við sögu er hins vegar sama pattstaðan og svo oft áður, að ekki er stoð í reglugerðinni til að skylda dagforeldra til að starfa tvo og tvo saman né taka upp öryggiskerfi á heimili sínu. Allt slíkt yrði að vera gert í miklu samstarfi við dagforeldrana sjálfa og með fullu samþykki þeirra, nema til reglugerðarbreytingar kæmi.

Kvörtunarferlið sem sveitarfélögin vinna flest hver eftir er gott og gilt og vel að því staðið. Það virðist öruggt, áreiðanlegt og almenn ánægja með það. Kerfið virðist hins vegar fyrst og fremst byggt upp með foreldra og fulltrúa sveitarfélaganna í huga og ábendingar frá þeim, ef marka má niðurstöður rannsóknarinnar. Ábendingar dagforeldra um kollega sína eru léttvægari í augum sveitarfélaganna og eiga það til að fara í annan farveg en kvartanir annarra. Yfirvaldið verður að gera bragarbót á þessu sem fyrst því samstarfsfólk sér oft og tíðum meira en hinn almenni notandi og utanaðkomandi aðili.

Þessi mikla vöntun á daggæsluúrræðum fyrir ungu börnin endurspeglast einnig í þessum hluta dagforeldrakerfisins. Samkvæmt niðurstöðunum veigra foreldrar sér við því að leggja fram kvartanir vegna þeirrar hættu að missa plássið sitt hjá dagforeldrinu og lenda í vandræðum í kjölfarið. Því má ætla að einhverjir þegi, þrátt fyrir að hafa athugasemdir um starfsemina. Þetta er alvarlegt mál ef satt reynist og þarf að skoða sérstaklega en hér virðist eina lausnin vera að fjölga daggæsluplássum, útrýma biðlistum og óvissunni fyrir foreldra til þess að þeir standi með sjálfum sér og sinni sannfæringu.

5.3 Aðlögunar- og dvalartími

Dagforeldrum eru gefnar frjálssar hendur með aðlögun og högun á vinnutíma sínum og virðist almenn sátt ríkja um þessa þætti meðal foreldra. Niðurstöðurnar benda hins vegar til þess að foreldrar og fulltrúar sveitarfélaganna vilji sjá einhverskonar námskrá fyrir dagforeldra líkt og leikskólum er gerð skylda að fylgja og hafa í sínu starfi. Engu vinnuferli eða leiðandi reglum um dagskipulag dagforeldra er til að dreifa. Erfitt er að sjá forsendur þess að í daggæslu dagforeldra sé ekki fylgt sama regluverki og gerðar sömu faglegu kröfur og á leikskólum. Hér

má minna á að gjöld vegna þjónustu dagforeldra eru umtalsvert hærrí en í leikskólum. Ekki verður annað séð en að um sé að ræða mismunun milli barna, líkt og umboðsmaður barna hefur bent á.

5.4 Samskipti milli foreldra og dagforeldra

Góð samskipti milli foreldra og dagforeldra eru undirstaða alls í dagforeldrakerfinu. Þau eru mikilvæg forsenda þess að barninu líði vel hjá dagforeldrinu. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar eru samskiptin góð en þarfnast ræktunar og smá ástar oft og tíðum, samskipti eru ekkert annað en vinna og öll ástæða til að sinna henni vel, þar sem báðir aðilar leggja sitt á vogarskálarnar.

Frídagur, veikindadagur og aðrir orlofsdagur dagforeldra eru í flestum tilfellum til fyrirmyndar ef marka má niðurstöður rannsóknar. Dagforeldrar gera sér grein fyrir þeim óþægindum sem veikindadagur og skipulagsdagur hafa á foreldra. Þeir eru hins vegar óumflýjanlegir og virðast dagforeldrar allir af vilja gerðir að sinna þessu vel. Líkt og kom fram í niðurstöðum rannsóknarinnar eru sumir dagforeldrar samviskusamir hvað veikindarétt sinn varðar og voru með íhlaupamanneskju þegar upp komu veikindi. Samkvæmt reglugerðinni á slíkt hins vegar ekki að viðgangast. Dagforeldrið er handhafi starfsleyfisins sem er óframseljanlegt. Því er í raun ekki hægt að fá einhvern annan til þess að sinna þeirri vinnu sem dagforeldrinu er gefið leyfi og traust til að sinna, að ekki sé talað um ef sá aðili er undir 20 ára aldri. Slíkt er hreinlega bannað skv. reglugerð um daggæslu. Dagforeldrið er einnig með slysatryggingar eyrnamerkar sér en ekki öðrum, þannig að ef slys gerast á meðan íhlaupamanneskjan er að sinna dagforeldrastarfinu, þá væri illt í efni fyrir ábyrgja dagforeldrið. Foreldrar eru vissulega fegnir að þurfa ekki að vera með barnið heima á meðan og eyða sínum veikindadögum vegna veikinda dagforeldris, en viðkomandi myndi kannski hugsa sig tvisvar um ef eitthvað kæmi til dæmis uppá þegar íhlaupamanneskja væri að sinna barninu. Ofangreindu vandamáli væri mögulega hægt að útrýma með aukinni upplýsingagjöf til foreldra á dagforeldrakerfinu sem virðist vera ábótavant skv. niðurstöðum rannsóknarinnar.

5.5 Brúunarvandi

Brúunarvandinn er í raun sjálfskapaður kerfisvandi hins opinbera sem bitnar á fjölskyldum ungra barna. Þó að foreldrar nái að brúa bilið með einhverjum hætti þá er það oftast en ekki gert á annan hátt en þeir myndu kjósa. Óþarfa fórnarkostnaður og óþægindi fyrir foreldra fylgja í kjölfarið sem auðveldlega væri hægt að útrýma með aukinni innspýtingu fjármagns í kerfið og góðum skipulagsháttum stjórnvalda (Arnhildur Hálfánardóttir, 2018). Ýmsar aðgerðaráætlanir sveitarfélaganna hafa verið kynntar síðastliðin ár ásamt því að þjónustukannanir hafa verið gerðar um málið. Þær hafa ekki borið árangur sem erfiði því staðan virðist ekkert breytast miðað við ákall foreldra í fjölmiðlum, þjónustukönnunum sem og annarsstaðar. Enn er fjöldi foreldra að glíma við sama brúunarvandamálið og hefur verið gegnumgangandi í fjöldamörg ár, líkt og sést á stofnun umræðusíðu um málefnið á Internetinu. Leikskólaráð Reykjavíkur kynnti í apríl árið 2008 aðgerðaráætlun undir yfirskriftinni „Borgarbörn“, þar sem markmiðið var að fjölga dagvistunarúrræðum og auka við þjónustu foreldra. Árið 2012 átti öllum börnum 12 mánaða og eldri að bjóðast úrræði, hvort þá heldur hjá dagforeldri eða á leikskóla (Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd, 2010).

Umboðsmaður barna sat í ráðgjafarhópi árið 2016 sem átti að fara yfir stöðu umönnunar barna eftir að fæðingarorlofi lýkur og fram að leikskóla. Það starf stuðlaði að lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði. Umboðsmaður gaf það einnig út árið 2017 að hann vildi útrýma alveg þessum brúunarvanda með því að bjóða ætti öllum börnum vist á ungbarnaleikskólum á vegum sveitarfélaganna frá eins árs aldri (Umboðsmaður barna, 2017, bls. 25). Slíkar áherslur endurspeglast nú í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar „Brúum bilið“, frá árinu 2018 sem nær fram til ársins 2023. Markmiðið þar er að öllum börnum 12 mánaða og eldri skuli bjóðast leikskólavist áður en árið 2024 gengur í garð. Nú árið 2021, er þessu markmiði ekki enn náð og langtímamarkmiðið hvergi í sjónmáli. Það verður því spennandi að sjá hvort áætlunin gangi eftir og hlutirnir verði komnir í gott horf árið 2024 eða hvort verði um að ræða enn eina misheppnuðu tilraunina til að brúa bilið fyrir foreldra.

5.6 Framtíðarsýn sveitarfélaga á dagforeldrakerfið

Framtíðarsýn sveitarfélaganna er keimlík þeim ábendingum sem áður hafa komið fram í niðurstöðum. Þeirra aðal áhersla liggur fyrst og fremst í breytingum á regluverkinu á komandi árum og að þungamiðjan verði þarfir barna, að þau fái meira vægi. Kerfið eins og það er uppbyggt nú passar ekki utan um börnin. Öryggi barnanna verði eftt ásamt því að gerðar verði auknar kröfur á dagforeldra, bæði er varða öryggi, slysavarnir og skipulag daggæslunnar. Vilji er fyrir því hjá sveitarfélögum að halda dagforeldrakerfinu gangandi næstu árin með mögulegum fórnarkostnaði þó, sem myndi endurspeglast í bættri þjónustu og hærri útgjöldum.

Það verður ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að rekstrarumhverfi dagforeldra er að breytast með tilkomu lengra fæðingarorlofs og fjölgun daggæsluþláss í öðrum úrræðum. Þörfin fyrir dagforeldra er hins vegar enn þá gríðarlega mikil og sveitarfélögin hafa ekki bolmagn til að taka á móti öllum þeim fjölda barna sem þarfnast daggæsluúrræða. Langtímamarkmið sveitarfélaganna er að veita öllum börnum leikskólaláss að loknu fæðingarorlofi. Það er aftur á móti gríðarlega kostnaðarsamt og róttækar breytingar þurfa að eiga sér stað áður en slíku markmiði verður náð. Þetta er háleitt markmið sem kallað hefur verið eftir í langan tíma af foreldrum sem samkvæmt könnunum vilja frekar nýta sér leikskóla að loknu fæðingarorlofi (Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd, 2010). Samkvæmt niðurstöðum veltur það á fjármagni og pólitískum vilja hjá hinu opinbera hvenær þessu langtímamarkmiði verði náð, því það er svo sannarlega ekki óyfistíganlegt. Að setja fjármagn í aukin daggæsluúrræði fyrir foreldra ungra barna er ein helsta undirstaða þess að byggja hér upp barnvænt og eftirsótt fjölskyldusamfélag sem og stuðla að áframhaldandi fjölgun Íslendinga í takt við aukna öldrun þjóðarinnar.

5.7 Breytingar og umbætur á núverandi dagforeldrakerfi

Tilkoma samfélagsmiðla, fækkun dagforeldra og lægri aldur barna í daggæsluúrræðum dagforeldra eru helstu breytingarnar sem hafa orðið í umhverfi dagforeldra á síðustu árum með tilheyrandi breytingum á kerfinu. Dagforeldrar auglýsa þjónustu sína á spjallsíðum á Internetinu auk þess sem foreldrar ræða sín á milli um dagforeldrakerfið og dagforeldrana sjálfa á sambærilegum síðum. Þessar síður hafa orðið til þess að upplýsingar komast hratt og

vel til skila og á það bæði við um réttar, staðreyndar upplýsingar jafnt sem rangar og misvísandi. Samfélagsmiðlarnir hafa bæði haft jákvæð og neikvæð áhrif á þróun dagforeldrakerfisins líkt og niðurstöðurnar leiddu í ljós. Fækkun dagforeldra gæti verið ein neikvæð afleiða þessa breytta vinnuumhverfis dagforeldra. Aftur á móti eru samfélagsmiðlanir í raun góð viðbót við eftirlitið og aðhaldið sem nauðsynlegt er að veita kerfinu auk þess sem það gerir það gegnsærra og sýnilegra fyrir bæði foreldra og dagforeldra. Hugsanlega mætti draga úr samfélagsmiðlanotkun af þessu tagi með bættri upplýsingagiöf frá til dæmis sveitarfélögunum en útilokað er að koma alfarið í veg fyrir notkun þeirra. Samfélagsmiðlar og aðrar tækniframfarir eru komnar til að vera.

Helstu breytingarnar sem dagforeldrar og foreldrar vildu sjá á núverandi dagforeldrakerfi krefjast ekki róttækra breytinga á regluverkinu til að verða að veruleika. Þær voru annarsvegar hækkun niðurgreiðslunnar, með mögulegu þaki á gjaldtöku dagforeldra og hins vegar aukið eftirlit og umsjón með starfsemi. Breytingar af þessu tagi kalla fyrst og fremst á auknar fjárveitingar til sveitarfélaganna sem deila ætti til málaflokksins. Viðmælendur kvarta yfir að beiðni um auknar fjárveitingar fái ekki hljómgrunn meðal sveitarstjórnarmanna. Til þess að knýja fram breytingar af þessu tagi virðist ekki duga neitt minna en hreinn og beinn þrýstingur frá foreldrum og dagforeldrum. Stjórnvöld eiga að vera fær um að gera breytingar af þessu tagi ef áhugi er fyrir því, líkt og skýrsla Reykjavíkurborgar hefur sýnt fram á (Reykjavíkurborg, 2018b, bls. 11-12). Viðmælendur telja að þetta viðfangsefni sé ekki í forgangi meðal sveitarstjórnarmanna. Mögulega veigra foreldrar sér við því að taka slaginn og beita þrýstingi vegna þess að þetta tímabil gengur yfir og hvatinn til að standa í baráttunni því stuttur. Hins vegar hefur þetta áhrif á samfélagið allt til lengri tíma litið fyrir hagsmuni barnanna, vinnumarkaðinn sem og foreldra alla. Þetta er því ekki bara vandamál foreldra sem standa í stappinu á einhverjum tímapunkti, heldur er þetta samfélagslegt vandamál.

5.8 Nýjungar og ný sýn á dagforeldrakerfinu

Til að draga saman þær nýjungar sem viðmælendurnir sáu fyrir sér á dagforeldrakerfinu voru það einna helst nýjungar í umsóknarferlinu, gegnsærra biðlista- og umsóknarkerfi hjá dagforeldrum ásamt nauðsyn þess að mynda námskrá líkt og finnst á öllum stigum skólakerfisins.

Til þess að hægt sé að innleiða nýjungar af þessu tagi þarf til að byrja með að laga reglugerðina um daggæslu þar sem hún er barn síns tíma, það er að segja hún þarfnast endurskoðunar og uppfærslu. Það þarf að gera regluverkið skýrara, betra og í takt við þær breytingar sem hafa átt sér stað síðustu ár á kerfinu. Þær breytingar sem þarf að leggja í til að bæta og koma nýjungum í gegn, eiga sér margar hverjar ekki stoð í núverandi reglugerð, að minnsta kosti ekki með afgerandi hætti.

Lokaorð

Það að eignast barn eru stærstu tímamót í lífi foreldra. Þá verðastór kaflaskil þar sem fyrstu vikurnar og mánuðirnir líða áfram í draumheimi, en veruleikinn er heldur betur fljótur að minna á sig og getur valdið straumhvörfum í lífi foreldra. Það er raunveruleiki margra foreldra að vera heima með börn sín án nokkurra tekna, marga mánuði í senn, því handan nokkurra mánaða fæðingarorlofsins er stór gjá sem mörgum foreldrum tekst ekki að brúa án skuldahala og mikils fórnarkostnaðar. Umsetið dagforeldrakerfi er eitt af fáum úrræðum sem foreldrum bjóðast að loknu fæðingarorlofi. Leitast var við í þessari ritgerð að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum sem snúa að þessu kerfi:

- Hver er reynsla foreldra og dagforeldra af dagforeldrakerfi sveitarfélaga innan höfuðborgarsvæðisins?
- Hvaða úrbætur er hægt að gera á núverandi kerfi?

Niðurstöðurnar leiddu í ljós að reynsla foreldra og dagforeldra af dagforeldrakerfi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu er misjöfn en heilt yfir ágæt. Finna má hnökra í kerfinu allt frá upphafi til enda og styrkja þarf stoðirnar. Ábendingar um slíka hnökra verða háværar og áberandi í allri umræðunni um kerfið, sem veldur því að það góða fellur í skuggann af því slæma. Staðan í dagforeldrakerfinu er ekki eins og best verður á kosið og margt sem hægt er að laga. Dagforeldrakerfið er eitt af fáum úrræðum sem eiga að leysa brúunarvanda foreldra eins og staðan er í dag, en það er ekki í takt við þá þjónustu sem hið opinbera veitir og semur um á grundvelli samninga. Dagforeldrakerfið er í raun sprottið upp vegna galla á kerfi sem snýr að samþættingu á umönnun ungra barna það er úrræðaleysis í leikskólamálum sveitarfélaganna fyrir yngstu börnin og of stutts fæðingarorlofs. Það liggur ljóst fyrir að þörf er á auknum úrræðum til að aðstoða foreldra við að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og ekki hægt að bíða og sjá til hvernig staðan verður árið 2023. Hið opinbera verður að leita leiða til að leysa úr þessum hnút og það helst núna, líkt og umboðsmaður barna hefur kallað eftir um árábil.

Ýmsar góðar tillögur til úrbóta á núverandi kerfi komu fram í viðtalsrannsókninni. Mest bar á tillögum um hækkun niðurgreiðslunnar, með mögulegu þaki á gjaldtöku dagforeldra, aukið eftirliti og umsjón með dagforeldrum auk nýjunga í umsóknarferlinu, gegnsærra biðlista- og umsóknarkerfis og upptöku námskrár fyrir dagforeldra. Nauðsynlegt er að styrkja boðvald, ábyrgð og miðstýringu í núverandi kerfi og samhliða því fara í gagngera endurskoðun og breytingu á núgildandi reglugerð um daggæslu. Það þarf að færa hana nær nútímanum og aðlaga að þeim breytingum sem orðið hafa á kerfinu síðustu ár. Það er kominn tími til að hafa þarfir barna í fyrirrúmi í dagforeldrakerfinu, ásamt því að auka öryggi og þjónustu fyrir foreldra með betra samstarfi milli allra aðila.

Heimildaskrá

- Andrés Ingi Jónsson og Oddný Helgadóttir. (2010). *Spor í sögu stéttar. Félag leikskólakennara 60 ára*. Reykjavík: Skrudda.
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2010). *Af því að við erum börn: Lýðræðislegt umræðumat á menntun barna og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla*. (bls. 51). (Doktorsritgerð). Háskóli Íslands: Reykjavík, Menntavísindasvið.
- Ari Brynjólfsson. (2021, 10. febrúar). Meira en 700 börn yfir eins árs á biðlista. *Fréttablaðið.is*, sótt 8. mars 2021 af: <https://www.frettabladid.is/frettir/meira-en-700-born-yfir-eins-ars-a-bidlista/>
- Arnhildur Hálfðánardóttir. (2018, 9. mars) Gjá sem grefur undan fjölskyldum. Ríkisútvarpið. Sótt 21. apríl 2021 af: <https://www.ruv.is/frett/gja-sem-grefur-undan-fjolskyldum>
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (2021). Um barnasáttmálann. Sótt 31. mars 2021 af: <https://www.barnasattmali.is/is/um-barnasattmalann/umfjollun-um-barnasattmalann>
- BHM. (2021). Sjálfstætt starfandi. Sótt 12 mars. 2021 af: <https://www.bhm.is/kaup-og-kjor/sjalfstaett-starfandi/>
- Drucker, P. F. (1999). *Management challenges for the 21st century*. Oxford: Butterworth-Heinemann Ltd
- Ella Björt Daníelsdóttir Teague og Friðrik H. Jónsson (2006). *Viðhorf til þjónustu dagforeldra í Reykjavík: Könnun meðal foreldra. Unnið fyrir Menntasvið Reykjavíkurborgar*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Erla Þórðardóttir. (1985). Félagslegar aðstæður kvenna. Í Jónína Margrét Guðnadóttir (ritstjóri), *Konur hvað nú?* (bls. 117–148). Reykjavík: Jafnréttisráð.
- Esterberg, K.G. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. Boston: McGrawhill.
- Fitzpatrick, Jody L; Sanders, James R; Worthen Blaine R. (2012). *Program Evaluation: Alternative Approaches and Practical Guidelines*. (4. útg.). Upper Saddle River, New Jersey: Pearson Education, Inc.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs). (2020).
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2012). *Skil skólastiga. Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfa og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.
- Guðný Björk Eydal. (2006). Þróun og einkenni íslenskrar umönnunarstefnu 1944-2004. *Uppeldi og menntun*, 15. árgangur (2. tölublað), bls. 9-29.

- Guðmundur Þorláksson. (1976). *Barnavinafélagið Sumargjöf 50 ára: 1924 apríl 1974*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðjan hf.
- Hagstofa Íslands. (e.d). *Börn eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2018 - Sveitarfélagaskipan 1. janúar 2018*. Sótt 21. apríl 2021 af: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__born__5_ibuar/BOR05000.px
- Hagstofa Íslands. (e.d b). *Dagforeldrar eftir kyni, starfsaldri og landsvæðum 1998-2019*. Sótt 21. apríl 2021 af: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__felagsmal__felagsthjonusta_sveitarfelaga__dagvist/HEI09302.px
- Hagstofa Íslands. (e.d c). *Börn í dagvistun á einkaheimilum eftir aldri og landsvæðum 1998-2019*. Sótt 21. apríl af: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__felagsmal__felagsthjonusta_sveitarfelaga__dagvist/HEI09300.px
- Hagstofa Íslands. (e.d d). *Börn í leikskólum eftir aldri, kyni og landsvæðum 1998-2019*. Sótt 21. apríl 2021 af: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__1_leikskolastig__0__lsNemendur/SKO01101.px
- Hagstofa Íslands. (e.d e). *Samsett talnasafn fengið af Hagstofu Íslands*. Sótt 10. apríl 2021 af <https://www.hagstofa.is>
- Hart, C. (2011). *Doing Your Masters Dissertation* (3. útg.). London: Sage Publications Ltd.
- Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eiginlegum og meginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 137-153). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Jóna M. Sigurjónsdóttir. (1982,26. febrúar). Dagmæður æ nauðsynlegri. *Helgarpósturinn*, 10(530), bls. 12.
- Jóna M. Sigurjónsdóttir. (2005, 13. maí). Jóna M. Sigurjónsdóttir [minningargrein]. *Morgunblaðið*, 108(128). Sótt 26 febrúar 2021 af: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1017357/>
- Kolbeinn H. Stefánsson. (2008). *Kynhlutverk: viðhorf til kynbundinnar verkaskiptingar*. Working papers; nr. 2. Reykjavík: Rannsóknarstöð þjóðmála, Félagsvísindastofnun Íslands.
- Kópavogsbær. (2016). *Þjónustusamningur*. Sótt 20. mars 2021 af: https://www.kopavogur.is/static/files/Fylgiskjol_umsokna/thjonustusamningur-vid-dagforeldra.pdf
- Lög um barnavernd nr. 80 (2002).

- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40 (1991).
- Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 144 (2020).
- Lög um leikskóla nr. 90 (2008).
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2015). *Skýrsla starfshóps vegna þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Menntasvið Reykjavíkurborgar (2006). *Könnun meðal dagforeldra í Reykjavík*. Reykjavík: Gagnadeild Menntasviðs
- Posavac, Emil J., og Carey, Raymond G., (2007). *Program Evaluation. Methods and Case Studies*. (7. útg.). Upper Saddle River, New Jersey: Pearson Prentice Hall.
- Priest, H., Roberts, P. og Woods, L. (2002). *An Overview of Three Different Approaches to the Interpretation of Qualitative Data. Part 1: Theoretical Issues*. *Nurse researcher*, 10(1), 30-42.
- Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd. (2010). *Umönnun ungra barna í Reykjavík. Hluti II: Rannsókn RBF fyrir Leikskólasvið Reykjavíkurborgar 2009-2010*. Reykjavík:Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907 (2005).
- Reglugerð um hollustuhætti nr. 941 (2002).
- Reykjavík. (2020). *Fleiri yngri börn fá leikskólaláss*. Sótt 5. desember 2020 af: https://reykjavik.is/frettir/fleiri-yngri-born-fa-leikskolaplass?fbclid=IwAR1mgQubflPnMX6vuByl3-qzWBdxJIOU6GxTM6Uh6Z-iGntG70KQAGZoP_8
- Reykjavíkurborg. (2021). *Við leit að dagforeldrum, dæmi um nokkur atriði sem gott er að hafa í huga*. Sótt 8 mars 2021 af: https://reykjavik.is/sites/default/files/gatlisti.pdf?fbclid=IwAR1o_3FemtLMnzUwf1dqIj6OIPIm_UpxoMlWu3dF-WyYouBpJDVNizlWyDk
- Reykjavíkurborg. (2018). *Brúum bilið, skýrsla stýrihóps um að brúa bili á milli fæðingarorlofs og leikskóla*. Reykjavík:Skóla- og frístundarsvið Reykjavíkurborgar.
- Reykjavíkurborg. (2018b). *Endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar – skýrsla starfshóps*. Reykjavík: Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar.
- Roger, E.M. (2003). *Diffusion of Innovation*. (5. útgáfa) New York: Free Press.

- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2020). *Sveitarfélögin*. Sótt 5. desember 2020 af: <https://www.samband.is/>
- Selma Júlíusdóttir. (1991, 25. október). Samræmdar reglur um dagmæður og gæsluvelli. *Morgunblaðið*, (107)243. bls. 3.
- Selma Júlíusdóttir. (2002, 24. mars). Dagvistun á einkaheimilum. *Morgunblaðið*, [aðsent efni]. Sótt 20 febrúar 2021 af: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/658997/>
- Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Réttmæti og áreiðanleiki í meginlægum og eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.) *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 211-227). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurður Kristinsson. (2013). Siðferði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 71-88). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2008). *Mat á skólastarfi - Handbók um matsfræði*. Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar.
- Stjórnarráð Íslands. (2020). *Frumvarp um fæðingar- og foreldraorlof samþykkt í ríkisstjórn*. Sótt 5. desember af: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/11/17/Frumvarp-um-faedingar-og-foreldraorlof-samthykkt-i-rikisstjorn/>
- Sveitarstjórnarlögin nr. 138 (2011).
- Tinna Björg Sigurðardóttir. (2011). *Börnin í borginni: Umboðsvandi í daggæslu barna í Reykjavík*. [meistararitgerð við Háskóla Íslands]. (bls. 6-9). Sótt 10 mars 2021 af: <https://skemman.is/bitstream/1946/7256/1/B%C3%B6rnin%20%C3%AD%20borginni.pdf>
- Umboðsmaður barna. (2017). *Umboðsmaður barna: Helstu áhyggjuefni 2017*. Reykjavík: Umboðsmaður barna.
- Vinnumálastofnun. (2021). *Aukinn réttur til fæðingarorlofs*. Sótt 20 mars 2021 af: <https://vinnumalastofnun.is/faedingarorlofssjodur/starfsmadur/aukinn-rettur-til-faedingarorlofs>
- Þjónustu- og rekstrarsvið Reykjavíkurborgar. (2006). *Skýrsla starfshóps um ráðgjöf og eftirlit vegna daggæslu í heimahúsum í Reykjavík*. Reykjavík: Reykjavíkurborg. Sótt 25 febrúar 2021 af: <https://reykjavik.is/skyrsla-starfshops-um-radgjof-og-eftirlit-vegna-daggaeslu-i-heimahusum-2006>
- Þuríður Jóna Jóhannsdóttir. (2009) *Réttmæti og áreiðanleiki*. Sótt 20 febrúar 2021 af: <http://mennta.hi.is/vefir/ust/tjona/rettmaeti.htm>

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1

Uppsetning á viðtalsvísi við foreldra

Kynning á sjálfri mér:

Pórdís Stella Erlingsdóttir heiti ég og er gift 28 ára móðir yndislegra stelpna, 3 ára og 7 ára. Ég er landfræðingur og starfa sem aðstoðarmaður yfirljósmóður á fæðingavaktinni á Landspítalanum við Hringbraut. Ég er meistaranemi í Opinberri stjórnslu við Háskóla Íslands og er að hefja skrif á meistararitgerð minni sem ber yfirskriftina *Dagforeldrakerfi höfuðborgarasvæðisins, úrbætur og ný sýn foreldra og dagforeldra á núverandi kerfi*. Niðurstöður munu koma fram í óbirtri MPA ritgerð. Áhugi minn á þessu viðfangsefni kviknaði þegar yngri dóttir mín var hjá dagmömmu árin 2018-2019. Þar kynntist ég dagforeldrakerfinu af eigin raun og er draumur minn að gera það betra og skilvirkara en það er í dag.

- **Segja frá fyrirkomulagi viðtals:**

- Eins og fram hefur komið í tölvupósti er lengd viðtals rúmlega klst.
- Er í lagi að viðtalið sé tekið upp?
- Það verður skráð og notað sem efniviður í rannsóknina.
- Nafn viðmælanda mun hvergi koma fram, einungis sveitarfélag viðkomandi.
- Að vinnslu lokinni verður viðtalsgögnum eytt.
- Svör eru að mestu leyti einungis efniviður. Í einhverjum tilvikum verða notaðar beinar tilvitnanir en einungis kemur fram að um sé að ræða svar frá dagforeldri/foreldri í tilteknu sveitarfélagi. Ef fulltrúi sveitarfélags kemur nafn sveitarfélags þó ekki fram.

- **Áður en viðtal hefst**

- Setja upptöku af stað
- Segja frá hvenær viðtal er tekið og úr hvaða sveitarfélagi viðkomandi er, t.d. „Í dag er 15. september 2020. Viðtal við foreldri.“
- Viðtöl við fulltrúa stjórnslunnar: Þá er ekki sveitarfélag tiltekið heldur einungis nefnt að viðkomandi starfi við stjórnslu sveitarfélags.

Spurningar hefjast:

Upphitunarspurning(ar):

Fyrsta spurning um bakgrunn og aðstæður foreldra t.d. starf, vinnutíma og hjúskaparaðstæður?

Af hverju viðkomandi valdi dagforeldra í stað annarrar þjónustu?

Spurningar um einstök efnisatriði:

- Val á dagforeldrum: Allir spurningar er snúa að því viðfangsefni t.d.:
 - Hvenær hófst leitin að dagforeldri?
 - Hvernig var leitað?
 - Var unnt að velja milli dagforeldra?
 - Þjó dagforeldri í hverfi?
- Aðlögun barns:
 - Hvernig fór hún fram?
- Samskipti og aðstæður hjá dagforeldrum þar á meðal mönnun t.d.
 - Þekkir þú þær reglur sem gilda um daggæslu barna í heimahúsi?
 - Hvernig var aðstaðan hjá dagforeldrinu? Rými og leiktæki, aðstaða til hvíldar og svefns inni og úti
 - Var dagskipulag?
 - Veikindi dagforeldris hvernig var þeim háttað?
 - Lágu frídagar fyrir í upphafi dvalar?
 - Hvernig voru samskiptin við dagforeldra
 - Hver var fagleg þekking dagforeldrisins? Bakgrunnur?
- Þjónusta sveitarfélags t.d.
 - Hvað kostaði að vera með barnið hjá dagforeldri á mánuði og með hvaða hætti var dvalargjald innheimt?
 - Veist þú hvað sveitarfélagið þitt greiðir til dagforeldra á mánuði með hverju barni?

- Veist þú hvert þú átt að leita ef að þú hefur ábendingar eða kvartanir um dagforeldri?

- **Almennar viðhorfsspurningar:** Meirihluti ofangreindra spurninga eru staðreyndaspurningar eða mat foreldra á tilteknum þáttum. Síðasti hluti viðtals á að snúast um mat á kerfinu svo sem:

1. Finnst þér upplýsingagjöf um dagforeldraþjónustuna viðunandi eins og hún er í dag?
 - Hvar finn ég dagforeldra hjá mínu sveitarfélagi?
 - Hverjir eru dagforeldrar?
 - Hversu lengi hefur viðkomandi starfað sem dagforeldri?
 - Bakgrunnur starfandi dagforeldra
 - Fjöldi barna
 - Upplýsingar um aðstöðuna
 - Laus pláss
 - Verð
 - Dagskrá
 - Öryggi o.s.frv.
2. Hver er þín upplifun af umsóknarferlinu?
3. Finnst þér dvalargjaldið í samræmi við þjónustuna?
4. Telur þú að mismunur sé milli sveitarfélaga hvað varðar gjaldskrá og finnst þér þörf á samræmingu í þeim efnum á landsvísu?
5. Finnst þér eftirlit með störfum dagforeldra fullnægjandi?

6. Hverjir eru að þínu mati kostirnir við dagforeldrakerfið?
7. Hverjir eru að þínu mati ókostirnir við dagforeldrakerfið?
8. Hvaða breytingar vilt þú sjá á dagforeldrakerfinu í framtíðinni?
9. Hver er afstaða þín til þess að leggja niður dagforeldrakerfið og færa þessa þjónustu alfarið inn á leikskólana?
10. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri?

Lok viðtals:

Þakka fyrir viðtalið, hafa samband ef spurningar vakna í tölvupósti.

Eftir viðtal

- Slökkva á tæki og færa skrá yfir á onenote-möppu eða á annan öruggan stað.
- Best er að skrifa viðtalið upp sem fyrst á meðan það er ferskt í huga. Einnig minnispunktana.
- Senda viðmælanda þakkarpóst.

Fylgiskjal 2

Uppsetning á viðtalsvísi við dagforeldra

Kynning á sjálfri mér:

Þórdís Stella Erlingsdóttir heiti ég og er gift 28 ára móðir yndislegra stelpna, 3 ára og 7 ára. Ég er landfræðingur og starfa sem aðstoðarmaður yfirljósmóður á fæðingarvaktinni á Landspítalanum við Hringbraut. Ég er meistaranemi í Opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands og er að hefja skrif á meistararitgerð minni sem ber yfirskriftina *Dagforeldrakerfi höfuðborgarasvæðisins, úrbætur og ný sýn foreldra og dagforeldra á núverandi kerfi*. Niðurstöður munu koma fram í óbirtri MPA ritgerð. Áhugi minn á þessu viðfangsefni kviknaði þegar yngri dóttir mín var hjá dagmömmu árin 2018-2019. Þar kynntist ég dagforeldrakerfinu af eigin raun og er draumur minn að gera það betra og skilvirkara en það er í dag.

- **Segja frá fyrirkomulagi viðtals:**

- Eins og fram hefur komið í tölvupósti er lengd viðtals rúmlega klst.
- Er í lagi að viðtalið sé tekið upp?
- Það verður skráð og notað sem efniviður í rannsóknina.
- Nafn viðmælanda mun hvergi koma fram, einungis sveitarfélag viðkomandi.
- Að vinnslu lokinni verður viðtalsgögnum eytt.
- Svör eru að mestu leyti einungis efniviður. Í einhverjum tilvikum verða notaðar beinar tilvitnanir en einungis kemur fram að um sé að ræða svar frá dagforeldri/foreldri í tilteknu sveitarfélagi. Ef fulltrúi sveitarfélags kemur nafn sveitarfélags þó ekki fram.

- **Áður en viðtal hefst**

- Setja upptöku af stað
- Segja frá hvenær viðtal er tekið og úr hvaða sveitarfélagi viðkomandi er, t.d. „Í dag er 15. september 2020. Viðtal við foreldri í Garðabæ.“
- Viðtöl við fulltrúa stjórnsýslunnar: Þá er ekki sveitarfélag tiltekið heldur einungis nefnt að viðkomandi starfi við stjórnsýslu sveitarfélags.

Spurningar hefjast:

Upphitunarspurning(ar):

Segðu mér aðeins um sjálfa þig, hvað hefur þú starfað lengi sem dagforeldri og hvers vegna ákvaðst þú að gerast dagforeldri á sínum tíma?

Hefur starf dagforeldra tekið miklum breytingum frá því þú byrjaðir að vinna sem slíkt?

Finnst þér breytingarnar hafa verið til hins betra?

Spurningar um einstök efnisatriði:

- Hvernig er umsóknarferlinu háttað hjá þér?
- Auglýsir þú þína þjónustu eitthvað sérstaklega, fyrir utan vef sveitarfélagsins?
- Hvernig heldur þú umsóknum til haga, velur úr o.s.frv.?
- Hversu lengi dvelur hvert barn hjá þér að meðaltali? (1 ár? 1,5 ár?)
- Er auðvelt að fylla pláss sem losnar með engum eða litlum fyrirvara, þegar fyrirvaralaus uppsögn verður?
- Hvernig ákvarðast dvalargjaldið og með hvaða hætti er það innheimt?
- Hversu marga frídaga tekur þú á ári sem ekki eru lögbundnir? Liggja þeir fyrir við undirskrift dvalarsamnings?
- Hafa þér borist kvartanir?
- Ert þú ánægð/ur með eftirlit með störfum dagforeldra?

Almennar viðhorfaspurningar: Meirihluti ofangreindra spurninga eru staðreyndaspurningar eða mat dagforeldra á tilteknum þáttum. Síðasti hluti viðtals á að snúast um mat á kerfinu svo sem:

Finnst þér upplýsingagjöf til foreldra um dagforeldraþjónustuna viðunandi eins og hún er í dag?

1. Hvar finn ég dagforeldra hjá mínu sveitarfélagi?
2. Hverjir eru dagforeldrar?
3. Hversu lengi hefur viðkomandi starfað sem dagforeldri?
4. Bakgrunnur starfandi dagforeldra
5. Fjöldi barna
6. Upplýsingar um aðstöðuna
7. Laus pláss
8. Verð
9. Dagskrá
10. Öryggi o.s.frv.
11. Miðað við þína reynslu af dagforeldrakerfinu hvað þarf að bæta?

Telur þú að mismunur sé milli sveitarfélaga hvað varðar gjaldskrá og finnst þér þörf á samræmingu í þeim efnum á landsvísu?

Hvaða breytingar vilt þú sjá á dagforeldrakerfinu í framtíðinni?

Hver er afstaða þín til þess að leggja niður dagforeldrakerfið og færa þessa þjónustu alfarið inn á leikskólana?

Hverjir eru að þínu mati kostirnir við dagforeldrakerfið?

Hverjir eru að þínu mati ókostirnir við dagforeldrakerfið?

Er eitthvað sem að þú vilt koma á framfæri?

Lok viðtals:

Þakka fyrir viðtalið, hafa samband ef spurningar vakna í tölvupósti.

Eftir viðtal

- Slökkva á tæki og færa skrá yfir á onenote-möppu eða á annan öruggan stað.
- Best er að skrifa viðtalið upp sem fyrst á meðan það er ferskt í huga. Einnig minnispunktana.
- Senda viðmælanda þakkarpóst.

Tímaáætlun höfundar

2020

	september	október	nóvember	desember
Áfangi STJ302 F				
-Verkefni 1				
-Verkefni 2				
-Verkefni 3				
-Verkefni 4				
-Verkefni 5				
Gagnaöflun				
Samskipti við leiðbeinanda				
Öflun viðmælenda				
Viðtöl tekin				

2021

	janúar	febrúar	mars	apríl/maí
Samskipti við leiðbeinanda				
Gagnaöflun				
Prófarkalestur				
Greining gagna/viðtala				
Fyrstu skil til leiðbeinanda				
Ritgerðarskrif				
Yfirllestur				
Lokaskil				